

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 41., 42. og 43. Alþjóðavinnuálagingsið í Genf 1958 og 1959.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir þrem síðustu þingum Alþjóðavinnuálagingsstofnunarinnar, sem haldin voru á árunum 1958 og 1959. Eru prentaðar hér með samþykklir og tillögur, sem gerðar voru á þessum þingum, en skylt er samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár stofnunarinnar að leggja þær fyrir löggjafarvaldið. Ísland hefur ekki átt fulltrúa á neinu þessara þinga.

I.

41. Alþjóðavinnuálagingsið 1958.

Hið fyrsta þessara þinga, sem haldið var 29. apríl til 14. maí 1958, var eingöngu helgað málefnum sjómannaálagingsinnar og er það hið sjöunda þing stofnunarinnar, sem eingöngu fjallar um þau mál. Þetta þing sóttu fulltrúar frá 46 aðildarríkjum Alþjóðavinnuálagingsstofnunarinnar, eða samtals 165 atkvæðisbærir fulltrúar ríkisstjórnna, útgerðarmanna og sjómanna, auk 205 sérfræðinga og ráðgjafa.

Á dagskrá þingsins voru þessi mál:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Endurskoðun samþykktar nr. 93 um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum.
3. Ráðning sjómanna með milligöngu sérstakra vinnumiðlunarskrifstofa.
4. Þjóðernisbreyting skipa með tilliti til félagslegs aðbúnaðar og öryggis.
5. Innihald lyfjaskrina í skipum og læknisráð til skipa á sjó.
6. Vald til að innkalla hæfnisskirteini yfirmanna á skipum.
7. Gagnkvæm eða alþjóðleg viðurkenning á persónuskirteinum sjómanna.

Verður hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir þessum dagskrármálum hverju fyrir sig og þeim samþykktum og tillögum, sem á þinginu voru gerðar.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Í þingsköpum Alþjóðavinnuálagingsins er svo kveðið á, að framkvæmdastjóri stofnunarinnar skuli leggja fyrir hvert þing skýrslu sína. Í þessari skýrslu ræðir framkvæmdastjórinn um þróun síðustu ára í málefnum er varða sjómennsku og siglingar. Þar er og gerð grein fyrir starfsemi Alþjóðavinnuálagingsinnar á þessu sviði og verkefnum þeim, sem framundan eru.

Það kom fram í umræðum um skýrsluna að samþykktir þær, sem gerðar voru á þinginu í Seattle 1946 hafa haft mikil áhrif á löggjöf og heildarsamninga jafnvel í þeim löndum, sem ekki hafa fullgilt þessar samþykktir. Einnig hafa þær haft varanlega þýðingu í löndum þar sem útgerð er á byrjunarstigi, því að þar hafa þær verið til leiðbeiningar og fyrirmyndar við samninga laga og reglugerða einkum um félagslegt öryggi sjómanna og vistarverur í skipum.

2. Endurskoðun samþykktar um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum.

Samþykkt um þetta efni var fyrst gerð á Alþjóðavinnuálagingsi 1936, en hún gekk aldrei í gildi. Þá var gerð samþykkt um sama efni á þinginu í Seattle 1946 og var henni síðan breytt 1949. Samþykkt þessi hefur ekki hlotið þá tölu fullgildinga, er

nægði til þess að hún öðlaðist gildi og engin hinna stærri siglingabjóða hefur fullgilt hana. Einkum munu það vera ákvæði samþykktarinnar um lágmarkskaup sjómanna, sem talið er standa í vegi fyrir fullgildingu. Enda þótt samþykktin hafi ekki öðlazzt gildi, hefur hún haft mikil áhrif einkum að því er tekur til vinnutíma á skipum.

Á þessu þingi 1958 var samþykktin endurskoðuð á ný og gefin út sem samþykkt nr. 109.

Samkvæmt ákvæðum fyrsta kafla samþykktarinnar tekur hún einungis til kaupskipa, sem eru yfir 500 brúttó rúmlestir að stærð. Eigi gildir samþykktin um skipstjóra og einstaka menn, er gegna sérstökum störfum á skipi og ekki tilheyra hinni eiginlegu skipshöfn.

Annar kaflinn hefur að geyma ákvæði um lágmarkslaun háseta og eru þau þar ákveðin 16 pund eða 64 dollarar á mánuði, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt, auk fæðiskostnaðar. Skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til eftirlits með því að ákvæðum þessum sé fylgt og viðurlög sett við brotum á þeim. Einnig skal þeim, sem fengið hafa lægra kaup en samþykktin ákveður, gert auðvelt að innheimta það sem á vantar.

Eins og áður getur, eru það þessi ákvæði um lágmarkskaup, sem einkum hafa staðið í vegi fyrir fullgildingu eldri samþykktu um þetta efni. Í þessari nýju samþykkt er því horfið að því ráði að ríki, sem fullgilda samþykktina, geta undanskilið kaflann um lágmarkslaun.

Þriðji kaflinn fjallar um vinnutíma á skipum. Undanþegnir ákvæðum þessa kafla eru fyrstu stýrimenn, fyrstu vélstjórar, gjaldkerar, aðrir yfirmenn starfsdeilda, sem ekki ganga á vaktir, svo og nánar tilteknir starfsmenn við bókhald, matreiðslu- og framreiðslustörf.

Venjulegur daglegur vinnutími manna, sem vinna á þilfari, í vélarrúmi og loftskéyfastöð á skipum í stuttum ferðum (þ. e. innanlands og til nærliggjandi hafna nágrannalandanna), skal ekki vera lengri en 8 stundir á virkum dögum og tvær á helgum, þegar skip er í höfn. Þegar skip er úti á sjó skal vinnutíminn ekki fara fram úr 24 stundum á tveim samfelldum sólarhringum og að jafnaði má vinnutíminn ekki fara fram úr 112 stundum á tveim vikum samfelldum. Ákveða skal með lögum eða reglugerðum hversu háttáð skuli vinnutíma á komu- og brottfarardögum skips. Fyrir vinnu, fram yfir það, sem hér var talið, skal greiða sérstaklega (sjá þó hér á eftir um greiðslu yfirvinnukaups).

Fari vinnutími á tveim vikum samfelldum fram úr 112 stundum, þ. e. að meðaltali 8 stundum á dag, skal umframtíminn, að frádregnum þeim tíma, sem yfirvinnukaup greiðist fyrir, endurgoldinn með frítíma í höfn eða á annan þann hátt, er ákveðinn kann að vera með heildarsamningum. Nefndur umframtími telst ekki yfirvinnutími.

Vinnutími manna, sem vinna á þilfari, í vélarrúmi og loftskéyfastöð á skipum, sem eru í langferðum, skal samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar ekki að jafnaði fara fram úr 8 stundum á dag, hvort sem skipið er í hafi eða höfn. Þegar skip er í höfn, má venjulegur vinnutími á sunnudögum ekki fara fram úr tveim stundum. Vinna umfram hið nefnda hámark telst yfirvinna og greiðist sem slík.

Fari vinnutími á viku fram úr 48 stundum, skal sú yfirvinna, sem ekki er greitt kaup fyrir, endurgoldin með fríi í höfn eða á annan þann hátt, sem ákveðinn kann að vera í heildarsamningum. Hér mundi oftast vera um sunnudagavinna að ræða.

Ákvæðin um vinnutíma þjónustufólks eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða farþegaskip eða flutningaskip.

Á farþegaskipum skal venjulegur vinnutími á hafi úti og á brottfarar- og komudögum skips ekki fara fram úr 10 stundum á hverjum 14 stundum. Sama gildir þegar skipið er í höfn, séu farþegar um borð. Annars skal vinnutími í höfnum á virkum dögum — mánudegi til föstudags — eigi vera lengri en 8 stundir á dag.

Á laugardögum 5 stundir og sunnudögum 5 stundir hjá þeim, sem búa til og framreiða mat, en 2 stundir hjá öðrum.

Á flutningaskipum skal venjulegur vinnutími þessara manna á hafi úti og á komu- og brottfarardögum skips ekki vera lengri en 9 stundir á hverjum 13. Í höfnum skal venjulegur daglegur vinnutími á virkum dögum — þ. e. mánudegi til föstudags — ekki fara fram úr 8 stundum á 12 stundum, á laugardögum ekki fram úr 6 stundum og á sunnudögum ekki fram úr 5 stundum.

Fari vinnutími fram úr 112 stundum á tveim samfelldum vikum, skal sá tími, sem fram yfir er, endurgoldinn með fríi í höfn eða á annan þann hátt, sem ákveðinn kann að vera í heildarsamningum.

Að uppfylltum vissum skilyrðum má veita undanþágur frá framangreindum ákvæðum um vinnutíma að því er tekur til yfirmanna, sem ekki eru undanþegnir ákvæðum samþykktarinnar samkvæmt framansögðu.

Kaup fyrir yfirvinnu skal aldrei vera lægra en svo að það nemi einum og einum fjórða grunnkaups á klukkustund. Með heildarsamningum má ákveða að í stað greiðslu fyrir yfirvinnu skuli veita tilvarandi frí eða bæta það upp á annan hátt.

Komizt skal hjá stöðugri yfirvinnu þegar unnt er.

Unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki vinna næturvinnu.

Fjórði kafli samþykktarinnar er um áhöfn á skipum. Þar er einungis almennt ákvæði þess efnis, að mannaflinn skuli vera svo mikill sem nauðsynlegt er með tilliti til öryggis á sjó og nægur til þess að uppfyllt séu ákvæði samþykktarinnar um vinnutíma. Enn fremur að komið verði í veg fyrir óþarfa áreynslu á skipshöfn og yfirvinna verði takmörkuð eða útilokuð.

Í fimmta kafla eru ákvæði um framkvæmd samþykktarinnar, en henni má veita gildi í einstökum ríkjum með lögum og reglugerðum, eða með heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna.

Í sjötta kafla eru hinar venjulegu formsreglur um fullgildingu samþykktarinnar og uppsögn hennar svo og skilyrði fyrir gildistöku hennar.

Samþykktin gengur í gildi sex mánuðum eflir að hún hefur verið fullgilt af 9 af 23 tilgreindum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, en meðal þeirra skulu vera a. m. k. 5 ríki, er hafi hvert um sig minnst 1 milljón brúttó rúmlesta skipastól, og sé samanlagður skipastóll ríkja þeirra, sem fullgilt hafa, ekki minni en 15 milljón brúttó rúmlestir.

Einungis eitt ríki, Svíþjóð, hefur fullgilt samþykktina en undanskilið kaflann um laun.

Samkvæmt lauslegri athugun mun ákvæðum samþykktarinnar fullnægt hér á landi og virðist því rétt að taka til athugunar fullgildingu hennar í samráði við hlutaðeigandi samtök sjómanna og útgerðarmanna.

Auk samþykktar þeirrar, sem um ræðir hér að framan, samþykkti þingið tillögu um sama efni. Í tillögu þessari eru gerðar meiri kröfur en í samþykktinni, bæði um lágmarkskaup og vinnutíma. Þannig er lágmarkskaup þar ákveðið 25 pund eða 70 dollarar á mánuði og vinnutíminn 8 stundir á dag fyrir alla skipshöfnina.

3. Ráðning sjómanna með milligöngu sérstakra vinnumiðlunarskrifstofa.

Samkvæmt tillögu Siglingamálanefndar, sem gerð var á 18. fundi hennar í París 1955, var þetta mál sett á dagskrá þingsins, en tillaga þessi var komin frá fulltrúum sjómanna í nefndinni. Tilgangur flutningsmanna var sá að settar yrðu reglur um það, að ráðning sjómanna skyldi einungis fara fram með milligöngu opinberra ráðningarstofa svo að komið yrði í veg fyrir hvers konar misbeitingu og samkeppni milli aðila, sem annast slíkar ráðningar í gróðaskyni.

Þingið samþykkti tillögu til ríkisstjórna um þetta efni og nefnist hún Tillaga (nr. 107) um ráðningu sjómanna á erlend skip. Ákvæði þessarar tillögu miða að því að koma í veg fyrir það, að sjómenn aðildarríkjanna ráði sig á erlend skip nema við kjörum, sem ákveðin eru í heildarsamningum og félagsmálaggjöf hjá viðurkenndum siglingaþjóðum. Sérstaklega skal sjá um að sjómanni sé tryggð heimsending eftir nánar tilteknum reglum. Einnig að honum sé veitt læknishjálp og framfæri ef hann er settur í land erlendis vegna veikinda eða slysa, sem hann á ekki sök á.

4. Þjóðernisbreyting skips með tilliti til félagslegs aðbúnaðar og öryggis.

Á síðari árum hefur það mjög tíðkamt að útgerðarmenn hafa skrásett skip sín í öðru landi, en þeirra eiginlega heimalandi. Með þessu hafa þeir getað komizt hjá ýmsum sköttum og losnað við að fullnægja þeim kröfum, sem almennt eru gerðar um vinnuskilyrði, aðbúnað og öryggi skipshafna. Nú mun svo komið að um tíundi hluti alls skipastóls heimsins er þannig skrásettur. Á þenna hátt hafa þessir útgerðarmenn getað lækkað mjög útgerðarkostnað skipa sinna og með því bætt aðstöðu sína í samkeppni við aðra útgerðarmenn. Þessi þróun hefur einkum tvönn konar hættu í för með sér. Í fyrsta lagi fylgir henni hættu fyrir félagslegan aðbúnað og öryggi sjómanna í viðurkenndum siglingaríkjum og svo er hún og ógnun við efnahagskerfi þessara síðarnefndu ríkja, þar sem þau þurfa að keppa við stóran skipastól, sem ekki þarf að uppfylla sömu skyldur og þeirra eigin skip.

Þetta mál var tekið á dagskrá þingsins samkvæmt tilmælum alþjóðlegu siglingamálanefndarinnar og var gerð um það tillaga, sem nefnist Tillaga (nr. 108) um félagslega aðbúð og öryggi sjómanna í sambandi við skráningu skipa.

Í þessari tillögu segir að félagsleg aðbúð og öryggi sjómanna sé nú mjög aðkallandi vandamál vegna þess hve stór skipastóll er nú skráður í löndum, sem hingað til hafa ekki verið talin siglingaríki. Í þessu sambandi er m. a. vitnað til samþykktarinnar um úthöfin (Convention on the High Sea), sem gerð var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um rétt á hafinu í apríl 1958, en þar er m. a. svo kveðið á að raunhæft samband skuli vera milli skips og landsins, þar sem það er skrásett, og að skráningarlandinu sé skylt að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja öryggi á skipum. Í tillögunni er nánar til tekið hvers skráningarland skuli gæta í sambandi við öryggisreglur, skipaæftirlit, skráningu og afskráningu sjómanna, eftirlit með félagslegum aðbúnaði um borð, menntun og hæfnisskirteini, félagafrelsi sjómanna o. fl.

5. Innihald lyfjaskrína í skipum og læknisráð til skipa á sjó.

Nefnd, sem skipuð var af Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni og Alþjóðavinnu-
málastofnuninni fjallaði um þetta mál á fundi sínum árið 1949. Þar var ákveðið að safna upplýsingum frá aðildarríkjunum um þær reglur, sem giltu um lyfjaskrín í skipum og læknisfræðilegar leibeiningar til skipa á hafi úti. Síðar samdi nefndin lista um nauðsynlegustu lyf og læknisáhöld, sem vera skyldu í öllum skipum. Mál þetta var svo tekið á dagskrá þessa þings að frumkvæði alþjóðlegu siglingamálanefndar Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar og voru þar gerðar tvær tillögur, önnur (nr. 105) um innihald lyfjaskrína í skipum og hin (nr. 106) um læknisráð um radió til skipa á sjó úti.

Fyrr nefnda tillagan er þess efnis að aðildarríkin skuli krefjast þess að í sérhverju skipi sé lyfjaskrín með þeim lyfjum og áhöldum, sem tiltekin eru af þar til bæru stjórnvaldi, en við ákvörðun innihaldsins skal taka tillit til þess hve

margir eru á skipinu og hvers konar ferðum það er í. Tillögunni fylgir listi yfir þá hluti, sem vora skuli í lyfjaskrúni hið minnsta.

Með tillögunni um læknisráð til skipa eru öll aðildarríkin hvött til þess að gera ráðstafanir til þess að skip á sjó úti geti jafnan, á hvaða tíma sem er, fengið ráðleggingar frá lækni eða sérfræðingi, ef á þarf að halda.

6. Vald til að innkalla hæfnisskírteini yfirmanna á skipum.

Um þetta mál gerði þingið ályktun þar sem staðfest er sú almenna regla, að einungis það stjórnvald, sem gefið hefur skírteinið út, geti afturkallað það eða ógilt það. Þá felst einnig í ályktuninni áskorun til aðildarríkjanna um að gerast aðilar að samningi þeim, sem gerður var í Brüssel 10. maí 1952 um „Unification of Certain Rules relating to Penal Jurisdiction in Matters of Collision or other Incidents of Navigation“.

7. Gagnkvæm eða alþjóðleg viðurkenning á persónuskírteinum sjómanna.

Um þetta dagskrármál gerði þingið samþykkt, sem nefnist samþykkt (nr. 108) um persónuskírteini sjómanna. Er hún að mestu samhljóða uppkasti því, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan hafði gert og byggist á þeim tillögum, sem fram komu á undirbúningsþinginu í London 1956.

Samþykktin kveður svo á að aðildarríkin skuli láta sjómönnum þeim, er þess óska, í té persónuskírteini, sem veiti þeim rétt til að koma til landa, sem fullgilt hafa samþykktina. Þessi réttur er í því fölginn að sjómaðurinn getur fengið landgönguleyfi meðan skip hans er í höfn, honum sé heimilt að fara til skips, sem hann er ráðinn á og að ferðast gegnum landið á heimleið eða á leið til skips svo og í öðrum þeim tilgangi, sem hlutaðeigandi stjórnarvöld samþykkja.

Til hagsbóta fyrir landflötta sjómenn er það ákvæði samþykktarinnar að aðildarríki getur veitt erlendum mönnum persónuskírteini ef þeir eru starfandi á skipum, sem skrásett eru í landinu eða ef þeir eru á skrá hjá vinnumiðlunarskrifstofu.

Sjómanni, sem hefur í höndum gilt persónuskírteini skal leyft að koma aftur til þess ríkis, sem gaf skírteinið út, og gildir þetta í eitt ár eftir að skírteinið gekk úr gildi.

Í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði á þinginu, létu Indverjar í ljós að vandkvæðum mundi bundið fyrir Indland að fullgilda þessa samþykkt vegna sérstakra aðstæðna þar. Ríkisstjórnarfulltrúi Bandaríkjanna lýsti því yfir, að vegna gildandi ákvæða um innflutning fólks í heimalandi hans kæmi vart til álita að Bandaríkin fullgiltu samþykktina nema tiltekin ákvæði hennar yrðu aðhæfð lögum og reglugerðum þar í landi.

Til þessa hefur aðcins eitt ríki fullgilt samþykktina, en það er Túnis.

Með tilliti til þess að Norðurlöndin hafa gert með sér samning um afnám vegabréfaskyldu milli þessara landa, virðist eðlilegt að Norðurlöndin hafi samráð um afstöðuna til fullgildingar þessarar samþykktar og er gert ráð fyrir því að svo verði gert. Það er því ekki tímabært að taka afstöðu til fullgildingar samþykktarinnar.

Þess má og geta að skipuð mun hafa verið nefnd til þess að endurskoða ákvæði íslenskra laga um lögskráningu sjómanna og fleiri og mun hún væntanlega fjalla um það efni sem um ræðir í samþykkt þessari.

II.

42. Alþjóðavinnumálalöng 1958.

42. Alþjóðavinnumálalöngið var háð í Genf dagana 4.—26. júní 1958. Þingið sátu næstum 900 fulltrúar og ráðgjafar frá 73 aðildarríkjum og 9 ósjálfstæðum löndum, þ. á m. vinnuáráðherrar frá 26 ríkjum.

Forseti þingsins var B. K. Das ráðherra frá Pakistan.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Fjármál stofnunarinnar.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykktar og álitgerða.
4. Misrétti með tilliti til vinnu eða starfs (síðari umræða).
5. Vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (síðari umræða).
6. Skipulagning heilsugæzlu á vinnustöðum (fyrri umræða).
7. Vinnukjör fiskimanna (fyrri umræða).
8. Vinnutími (almenn umræða).

Verður hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir þessum dagskrármálum hverju fyrir sig.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Í upphafi skýrslu sinnar segir framkvæmdastjórinn að hann hafi á undanförunum árum í skýrslu sinni vakið athygli á einhverjum aðalþættinum í félagsmálapólitik til þess að fá álit þingfulltrúa á þýðingu þeirra fyrir ILO. Af þessum málum má nefna framleiðni, húsnæðismál, jafnvægi milli vinnuafis í sveitum og kaupstöðum, samband vinnuveitenda og verkamanna og sjálfvirkni. Þetta hefur verið hagkvæmt við ákvarðanir um framtíðarstörf stofnunarinnar.

Að þessu sinni kvaðst framkvæmdastjórinn einungis fjalla um starfsemi ILO og sérstaklega ræða um það, hvernig stofnunin hefur brugðizt við framþróuninni á sviði félagsmála.

Á undanförunum árum hefur ILO einkum látið sig skipta þrjú þeirra markmiða, sem stefnt er að í félagsmálapólitik, þ. e. bætt lífskjör, aukið félagslegt öryggi og að framfylgt sé mannréttindum og að öllum sé tryggð sömu tækifæri. Á þessum sviðum hafa margir möguleikar og mörg vandamál komið í ljós, sem eru mismunandi eftir löndum og heimshlutum, og til þess að fást við þau í sínu eigin umhverfi á sem raunhæfastan hátt hefur stofnunin lagað starfsaðferðir sínar eftir þessum aðstæðum.

Í þessu sambandi má fyrst geta þess, að það hefur mjög aukizt hin síðari ár að efnt hafi verið til sérstakrar starfsemi fyrir einstök svæði til þess að fjalla um þau vandamál, er þessi svæði varða sérstaklega. Aðaltilgangurinn með þessari starfsemi er að kynnast nánar vandamálum þjóða í hinum ýmsu hlutum heims í því skyni að gera stofnuninni fært að vinna að þeim á raunhæfan hátt. Þessi starfsemi hefur einkum verið fólgin í fimm atriðum. Má þar fyrst nefna sérstök þing, skipuð fulltrúum frá ákveðnum svæðum, tækinlega fundi og námskeið, tæknilega aðstoð og leiðbeinandi sendinefndir, samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir á tiltækn svæði og sérstakar skrifstofur.

Annar þátturinn í starfsemi ILO, sem mjög hefur aukizt að undanförunum, er starfsemi nefnda, sem fjalla um mál einstakra atvinnustétta.

Nauðsynlegt hefur verið að leysa fljótt þau vandamál á sviði vinnumála og félagsmála, sem komið hafa upp í löndum, sem nýlega hafa fengið sjálfstæði, eða þar sem iðnvæðingin er að komast á. Það hefur verið fastur liður í starfsemi ILO að vinna að lausn þessara mála.

Þá hefur stofnunin unnið mjög að bættri sambúð verkamanna og atvinnurekenda og mun sú starfsemi verða aukin á ýmsan hátt.

Um samþykktir, tillögur og álitgerðir er það að segja að stofnunin hefur hin síðustu ár lagt meiri áherzlu á að koma fyrri samþykktum sínum í framkvæmd en að setja nýjar, nema þegar um hefur verið að ræða mjög þýðingarmikil alþjóðleg vandamál svo sem útrýmingu nauðungarvinnu eða nauðsyn hefur verið sérstakra ráðstafana vegna einstakra hluta heims svo sem vegna innfæddra þjóðflokka í ósjálfstæðum löndum.

Einn kafli skýrslu framkvæmdastjórans fjallar um viðleitni stofnunarinnar til þess að bæta lífskjörin, þ. á m. einkum hvað gert hefur verið til þess að efla hina efnahagslegu þróun í vanþróuðum löndum, en sú starfsemi hefur einkum verið fólgin í menntun fagmanna, verkstjóra og leiðbeincnda svo og ýmsum aðgerðum á sviði framleiðslumála, vinnumála og launamála.

Alþjóðavinnuálagstofnunin hefur unnið að félagslegu öryggi einkum með tvennu móti hin síðari ár, þ. e. bæði með því að efla heilbrigða félagsmálapólitik í löndum þar sem iðnaður er að skapast og með lausn þeirra vandamála, sem upp koma í sambandi við það, að félagsmálastörfin gerast óðum alþjóðlegri. Hinn fyrrnefnda þátt þessarar starfsemi er leitast við að leysa með tæknilegri aðstoð í hinum einstöku ríkjum og menntun fólks, sem vinnur félagsmálastörf. Hefur slíku fólki verið gefinn kostur á námsdvöl í aðalstöðvum ILO eða í ríkjum, sem hafa langa reynslu að baki í félagsmálastörfum.

Viðvikjandi hinum alþjóðlegu vandamálum í sambandi við félagslegt öryggi má einkum geta þeirra vandamála, sem upp koma í sambandi við flutninga verkamanna milli ríkja, sem hafa almannatryggingar. Um ýmsa þætti þessa máls hafa verið gerðar samþykktir til þess að bæta rétt þessara manna.

Samhliða viðleitninni til bættra lífskjara hafa alþjóðastofnanir á síðari árum látið mannréttindi til sín taka í auknum mæli. ILO hefur leitast við að vernda mannréttindi, en þau hafa úrslitaþýðingu fyrir takmark hennar og hefur hún unnið að því að fá þau viðurkennd í öllum löndum. Að undanförunu hefur stofnunin einkum látið sig skipta félagafrelsi, nauðungarvinnu og jafnrétti manna til vinnu.

Í síðari kafla skýrslu framkvæmdastjórans er svo gerð nánari grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, sem snérist um tiltekin afmörkuð efni eftir ákvörðun þingsins og stjórnarinnar, en þau voru einkum rannsókn á félagslegum áhrifum sjálfvirkni, kjarnorku og öðrum tæknilegum nýjungum, aukið samstarf atvinnurekenda og verkamanna o. fl.

2. Fjárhagsmálefni.

Lagt var fram á þinginu frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir stofnunina að fjárhæð 8 640 000.00 dollarar og var það samþykkt. Er þetta allveruleg hækkun frá næsta ári á undan, en kostnaður hækkaði vegna aukinnar starfsemi og nýrra verkefna. Útgjöldum stofnunarinnar er skipt niður á aðildarríkin eftir ákveðnum hlutföllum og má geta þess að Bandaríki Norður-Ameríku greiða fjórðung þeirra. Hluttur Íslands er 0.12%.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykpta og álitgerða.

Á hverju þingi er sett nefnd til þess að rannsaka skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á ákvæðum þeirra samþykpta, sem þau hafa fullgilt. Stofnunin hefur ekki á að skipa neinu framkvæmdavaldi. Hið eina, sem hún getur gert til þess að þvinga ríki til að halda skuldbindingar sínar, er að krefja þau um skýrslur um þetta efni og birta síðan niðurstöður af rannsóknum sínum. Þetta aðhald virðist vera all sterkt því að fæstar þjóðir vilja verða uppvisar að því að brjóta þannig skuldbindingar sínar.

4. Misrétti með tilliti til vinnu eða starfs.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1957 og var þá ákveðið að gerð skyldi um það samþykkt og einnig tillaga. Var málið svo þannig afgreitt á þessu þingi.

Samþykkt þessi miðar að því að útrýma misrétti í sambandi við atvinnu eða starf, en misrétti það sem hér um ræðir, er fólgið í því að mönnum sé mismunað, þeim veitt forréttindi eða þeir útilokaðir frá vinnu vegna kynþáttar, hörundslits, kynferðis, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða þjóðfélagslegs uppruna síns og þetta leiði til þess að menn njóti ekki sömu möguleika og aðbúðar í starfi.

Ekki er það talið misrétti í þessu sambandi þótt gerður sé greinarmunur varðandi tiltækið starf, ef það byggist cingöngu á þeim kröfum, sem starfinu fylgja.

Ríki þau, sem fullgilda samþykktina skuldbinda sig til þess að lýsa yfir og framfylgja stefnu, er miði að því að allir hafi sömu möguleika og njóti sömu aðstöðu að því er varðar vinnu og að útrýmt sé öllu misrétti í því efni. Skal ríkisvaldið leita samvinnu við félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna og annarra aðila um þetta mál og setja lög, er tryggi framkvæmd þessarar stefnu. Þá skulu ríkisstjórnirnar nema úr gildi þau lög, er brjóta í bág við þessa stefnu og breyta þeim reglugerðum, sem þannig er ástatt um.

Þá skuldbinda ríki þau, sem samþykktina fullgilda, sig til þess að láta ákvæði hennar gilda í ósjálfstæðum löndum, sem eru undir þeirra stjórn.

Alls hafa nú 6 ríki fullgilt þessa samþykkt, þ. e. Írak, Ísrael, Líbería, Noregur, Portúgal og Túnis.

Eðlilegt virðist að Ísland fullgildi samþykkt þessa og sýni þar með stuðning sinn við þau sjónarmið, sem þar koma fram og eru í samræmi við íslenska réttlætiskennnd.

Tillaga sú, sem samþykkt var um þetta mál, fjallar nánar um ráðstafanir til að útrýma misrétti. Hún fjallar um atriði eins og misrétti í sambandi við aðgang að vinnu og starfsþjálfun, greiðslu fyrir jafn verðmæt störf og vinnuskilyrði. Þar er einnig krafist jafnréttisaðstöðu við samninga um kaup og kjör og í stéttarfélögum.

5. Vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (síðari umræða).

Um þetta mál fór fram fyrri umræða á þinginu 1957, en á þessu þingi var endanlega gerð um það samþykkt (nr. 110) og tillaga (nr. 110). Samþykkt þessi, sem er í 14 köflum, hefur verið nefnd lögbók plantekrumanna. Ríki, sem fullgilda samþykktina eru skuldbundin að hlíta ákvæðum sumra þessara kafla, en um aðra er þeim það í sjálfsvald sett.

Samþykktin hefur að geyma ákvæði um vinnuráðningar, orlof, vikulega hvíldardaga, mæðravernd, slysatryggingar, félagafrelsi og samningsrétt, vinnueftirlit, húsnæðismál og læknishjálp.

Samþykkt þessi er talsvert löng svo ekki hefur verið lagt í að þýða hana á íslensku þar sem líka efni hennar skiptir ekki máli fyrir Ísland og ekki kemur til að hún verði fullgilt hér.

6. Skipulag heilsugæzlu á vinnustöðum.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þessu þingi og var samþykkt að það skyldi afgreitt með tillögu en ekki samþykkt og var gengið frá uppkasti að þessari tillögu, sem svo var lögð fyrir þingið 1959. Þá var og gerð ályktun um varnir gegn atvinnusjúkdómum.

7. Vinnukjör fiskimanna.

Mál þetta var rætt á grundvelli skýrslna, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan hafði gert, en sérstök nefnd sérfræðinga hafði gert uppkast að texta, sem fjallar um lágmarksaldu fiskimanna, læknisskoðun og skiprúmssamninga. Var samþykkt uppkast að þrem samþykktum um þessi atriði og var málið svo tekið fyrir til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1959.

8. Vinnutími.

Í samræmi við ályktun frá þinginu 1958 var þetta mál á dagskrá þingsins til almennra umræðna. Var lögð fram skýrsla um málið ásamt fjórum tillögum til ályktana. Auk sögulegs yfirlits er í skýrslu þessari gerð grein fyrir því, með hverjum hætti vinnutíminn er ákveðinn í hinum ýmsu löndum og athugun á afleiðingum styttingar vinnutímans. Að loknum almennum umræðum um málið var samþykkt ályktun þess efnis, að mál þetta skyldi upp tekið á einhverju næstu þinga og þá gerð um það samþykkt eða tillaga.

III.

43. Alþjóðavinnuálagning 1959.

43. Alþjóðavinnuálagningið var háð í Genf dagana 3.—25. júní 1959 og sátu það yfir 900 fulltrúar og ráðgjafar frá 75 aðildarríkjum og 15 ósjálfstæðum landsvæðum, en aðildarríkin eru nú orðin 80. Forseti var einróma kjörinn Erik Dreyer ráðuneytisstjóri í danska félagsmálaráðuneytinu.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
 2. Fjárhagsmál.
 3. Skýrslur um framkvæmd samþykpta.
 4. Skipulagning heilsugæzlu á vinnustöðum (síðari umræða).
 5. Vinnukjör fiskimanna (síðari umræða).
 6. Vernd verkamanna gegn geislun (fyrri umræða).
 7. Vandamál vinnandi manna, annarra en verkamanna, þ. á m. tæknifræðinga og eftirlitsmanna (Almenn umræða).
 8. Samvinna milli hins opinbera og félagsamtaka verkamanna og atvinnurekenda, er taki til einstakra atvinnugreina og landsins alls (fyrri umræða).
- Skal hér gerð nokkur grein fyrir þessum dagskrárliðum hverjum fyrir sig.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjórans skiptist fyrst og fremst í tvo hluta. Fjallar annar hlutinn um starfsemi ILO á liðnu ári, en hinn um nokkur hin helztu vandamál, sem efst eru á haugi í heiminum og snerta þau markmið, sem stofnunin vinnur að. Þessi síðari hluti skiptist í þrjá meginkafla. Fjallar sá fyrsti um atvinnu og atvinnuleysi og ýmis atriði í sambandi við þau mál. Annar kaflinn fjallar sérstaklega um vandamál þjóða, sem eru að breytast úr landbúnaðarþjóð í iðnaðarþjóð og er í því sambandi rætt um fólksfjölgun, fólksflutninga úr sveitum í kaupstaði, atvinnu- móguleika á meðan á þessari umbreytingu stendur og önnur vandamál, sem þessi þróun hefur í för með sér. Síðasti kaflinn fjallar svo um nauðsynlegar stofnanir til þess að mæta þörfinni fyrir félagslegar aðgerðir, ekki einungis ríkisstofnanir heldur og frjáls félagsamtök, fræðslustofnanir o. fl.

Fjöldi manns tók til máls undir þessum dagskrárlið bæði til þess að ræða efni skýrslunnar og einnig til þess að gera grein fyrir ástandinu í sínum heimalöndum.

Framkvæmdastjórinn, David A. Morse, sagði m. a. í svarræðu sinn að fólksfjöldinn í vanþróuðum löndum í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku mundi sennilega tvöfaldast eða þrefaldast á næstu fimmtíu árum. Lausn þeirra vandamála, sem af þessu leiða, krefjist nýrrar tækni og nýrrar þjóðfélagsskipunar. Hundruð milljóna manna mundi breytast svo í hugsunarhætti og lífsvenjum á næstu 25 árum, að slíkt hefur ekki þekkt í sögunni fyrr, jafnvel ekki á tímum hinna mestu byltinga. Þessi umbreyting muni hafa í för með sér breytingar á þeim verðmætum, sem mannkynið trúir á og jafnvel á mannlegt eðli og menn yrðu að búa sig undir að mæta þeim hættum, sem þessi umbreyting orsakar. Framkvæmdastjórinn lauk ræðu sinni með því að hvetja menn til þess að sýna gagnkvæmt traust og vinna saman að lausn hinna miklu verkefna, sem fyrir hendi eru, og bregðast ekki því trausti, sem þjóðirnar bera til Alþjóðavinnuáráðsinnarinnar.

2. Fjárhagsmálefni.

Að undangenginni venjulegri málsmeðferð var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 1960 og nam hún ca. 9 millj. dollurum.

Framlag Íslands fyrir þetta ár nemur 10 805.00 Bandaríkjadollurum.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykktu.

Eins og áður er sagt er á hverju ársþingi skipuð nefnd til þess að athuga skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktu.

Venja hefur verið að aðildarríkin sendi árlega skýrslu um hversu þau framfylgja ákvæðum þeirra samþykktu, sem þau hafa fullgilt. Fjöldi fullgildinga er nú orðinn það mikill að mjög mikið starf er að vinna úr slíkum skýrslum. Þess vegna hefur nú verið gerð sú breyting, að skýrslur skuli cinungis sendar á tveggja ára fresti.

Á hverju ári eru teknar fyrir tilteknar samþykktir og aflað upplýsinga um lög og venjur á því sviði, sem þær fjalla um, í löndum, sem ekki hafa fullgilt þær. Eru þessar skýrslur einnig lagðar fyrir umrædda nefnd. Að þessu sinni voru teknar fyrir þær samþykktir, sem fjalla um félagafrelsi og samningsrétt stéttarfélaga. Við umræður um þetta atriði lögðu fulltrúar verkamanna mikla áherzlu á viðurkenningu verkfallsréttarins, og skipzt var á skoðunum um félagafrelsi í Sovéttlýðveldunum, Spáni og Japan.

Heildartala fullgildinga á samþykktum Alþjóðavinnuáráðsinnarinnar var 1904 hinn 1. júní 1959.

4. Skipulagning heilsugæzlu á vinnustöðum.

Eins og áður segir fór fram fyrri umræða um þetta mál á þinginu 1958 og var þá gengið frá uppkasti að tillögu um það. Uppkast þetta var síðan lagt fyrir þingið 1959. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar og það síðan afgreitt sem tillaga til ríkisstjórnanna.

Samkvæmt tillögunni skal heilsugæzlan fólgin í því að vernda verkamenn fyrir heilsutjóni í starfi, stuðla að því að vinnan sé við hæfi verkamanna bæði líkamlega og andlega og vinna að líkamlegri og andlegri velliðan verkamanna.

Heilsugæzlan skal framkvæmd samkvæmt lögum eða reglugerðum, heildarsamningum eða á annan hátt, sem ákveðinn er í samráði við félagssamtök verkamanna og atvinnurekenda.

Heilsugæzluna má skipuleggja ýmist þannig að hún taki einungis til eins fyrir-tækis eða fleiri. Þar sem þannig hagar til, að ekki er unnt að koma á heilsugæzlu

eins og hér um ræðir, skal læknum falið að inna af hendi umrædda heilsugæzlu, eftir því sem við verður komið.

Starfsemi heilsugæzlunnar er einkum fólgin í eftirtöldum atriðum:

- a. umsjón með öllu því, er haft getur áhrif á heilsu verkamannsins;
- b. rannsóknir á störfum og hversu aðlaga meggi þau þörfum verkamannsins;
- c. varúðarráðstafanir gegn slysum og atvinnusjúkdómum;
- d. umsjón með hreinlætis- og heilbrigðistækjum, fæðisþjónusta o. fl.;
- e. læknisrannsóknir;
- f. umsjón með breytingum á vinnu til hæfis verkamönnum, einkum fötluðum;
- g. leiðbeiningar um ráðningu og tilflutning verkamanna;
- h. ráðleggingar vegna sjúkdóma einstakra verkamanna;
- i. hjálp í viðlögum, er slys eða veikindi ber að höndum;
- j. kennsla og þjálfun hjálparliðs í viðlögum og eftirlit með tækjum til slíkrar hjálpar;
- k. fræðsla starfsfólks um heilbrigði og hollustuhætti;
- l. söfnun og rannsókn heilbrigðisskýrsla, m. a. rannsókn á heilsu starfsfólks.

Einstök framantalinna verkefna geta verið í höndum annarra en heilsugæzlunnar sjálfar.

Stjórn heilsugæzlunnar skal vera í höndum lækni og skulu læknar þeir, er við hana starfa, vera óháðir atvinnurekendum og verkamönnum.

Starfslið heilsugæzlunnar skal hafa frjálstan aðgang að öllum vinnustöðum viðkomandi fyrirtækis svo og öllum þeim upplýsingum, sem því eru nauðsynlegar, en bundið er það þagnarheiti um það, sem það kann að komast að í starfi sínu.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum eða um samið, skal heilsugæzlan kostuð af hlutaðeigandi atvinnurekendum.

Hér hefur stuttlega verið rakið efni þessarar tillögu um heilsugæzlu á vinnustöðum, sem gerð var á 43. Vinnumálaþinginu. Ekki er til þess ætlað að hún sé fullgilt af aðildarríkjum, heldur felast í henni tilmæli um að reglur þær, sem hún hefur að geyma, séu teknar til athugunar og hafðar til hliðsjónar við setningu reglna um þetta efni í hinum einstöku ríkjum.

5. Vinnukjör fiskimanna (síðari umræða).

Á Vinnumálaþinginu 1958 var gengið frá frumvörpum að þrem samþykktum, er varða vinnukjör fiskimanna. Fjallar ein þeirra um lágmarksaldur fiskimanna, önnur um lækniþjónuðun fiskimanna og sú þriðja um skiprúmssamning fiskimanna. Þessi frumvörp voru svo rædd að nýju á þinginu 1959 og þau afgreidd sem samþykktir.

A. Samþykkt (nr. 112) um lágmarksaldur fiskimanna.

Samþykktin um lágmarksaldur fiskimanna kveður svo á, að eigi meggi láta börn yngri en 15 ára vinna á fiskiskipum, en fiskiskip teljast í þessu sambandi hvers konar skip og bátar, sem stunda fiskveiðar á sjó. Sú undantekning er þó gerð frá þessari reglu að yngri börn en 15 ára geta öðru hverju tekið þátt í störfum á skólaskipum, enda séu störfin óskaðleg heilsu þeirra og þroska og komi ekki í bág við skólagöngu þeirra og séu ekki unnin í ágóðaskyni. Einnig má veita undanþágu fyrir 14 ára börn til þess að vinna í þeim tilfellum, sem skólafirvöld eða önnur þar til bær stjórnvöld eru þess fullviss að slík vinna sé barninu til góðs.

Þá er bannað að láta unglinga innan 18 ára aldurs vinna sem kyndara eða kolamokara.

Framangreind lágmarksákvæði taka ekki til vinnu barna á skólaskipum eða æfingaskipum.

Ekkert ríki hefur til þessa fullgilt samþykktina.

Í 10. grein sjómannaþingnr. 41/1930 er svo kveðið á, að eigi meggi hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi, en í 39. gr. laga um vernd barna og unglinga

nr. 29/1947, er lágmarksaldur barna við vinnu á skipum ákveðinn 15 ár, enda hafi þau lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burlfararprófi. Þá er og í 10. gr. sjómannalaganna kveðið svo á að yngri menn en 18 ára megi ekki vera kyndarar eða kolamokarar á skipum.

Þessi nefndu lagaákvæði virðast því fullnægja ákvæðum samþykktarinnar. Mætti því fullgilda þessa samþykkt án lagabreytinga og leggur félagsmálaráðuneytið til að svo verði gert.

B. Samþykkt (nr. 113) um læknisskoðun fiskimanna.

Í samþykkt þessari er svo kveðið á að engan megi ráða til vinnu á fiskiskip, nema hann leggi fram læknisvottorð um að hann sé fær um að gegna þeim störfum, sem honum eru ætluð. Undanþágu má þó veita um skip, sem venjulega eru ekki lengur en þrjá daga á sjó í einu. Nánar er svo tilgreint hvernig læknisskoðun skuli hagað og hvað greina skuli í læknisvottorði sérstaklega.

Ekki hefur neitt ríki fullgilt þessa samþykkt ennþá.

Hér á landi er ekki krafizt læknisskoðunar á fiskimönnum eins og samþykktin gerir ráð fyrir og er því ekki hægt að fullgilda hana hér að óbreyttum aðstæðum.

C. Samþykkt (nr. 114) um skipsrúmssamninga fiskimanna.

Svo er fyrir mælt í þessari samþykkt að gerður skuli skipsrúmssamningur við alla fiskimenn á skipum, sem skrásetl eru eða hafa skipsskjöl. Undanþágur má þó veita frá þessu með vissum skilyrðum. Skal samningsgerð þessi vera undir eftirliti opinbers stjórnvalds. Gerðar skulu ráðstafanir til þess að tryggja það, að ekki sé vikið frá ákvæðum samningsins. Færð skal vinnubók fyrir hvern fiskimann og skal færa í hana hverja einstaka veiðiferð hans. Þá er í samþykktinni nánari fyriræli um hvað í samningi skuli tekið fram.

Þegar skipshafnarskrá er á skipi, skal samningurinn annað hvort færður í hana eða festur við hana. Þá eru og ákvæði um slit samnings og uppsögn. Samþykktinni má framfylgja með heildarsamningum eða löggjöf.

Ekki hefur neitt ríki fullgilt þessa samþykkt hingað til.

Nú mun hafa verið skipuð nefnd til þess að endurskoða m. a. þær reglur, sem þessi samþykkt fjallar um, og er því eðlilegt að athugun á fullgildingu hennar bíði þar til þeirri endurskoðun er lokið.

6. Vernd verkamanna gegn geislun.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þessu þingi og lágu fyrir drög að reglum um þetta efni samín af Alþjóðavinnuáskrifstofunni. Að loknum almennum umræðum um málið var samþykkt að gerð skyldi um það samþykkt og tillaga að auki.

Hvað efni samþykktarinnar viðvíkur urðu menn sammála um að hún skyldi taka til allrar vinnu þar sem menn gætu orðið fyrir radioaktivum geislum. Mjög væg geislun er þó undanskilin og einstök ákvæði samþykktarinnar taka einungis til manna, sem eru í hættu fyrir geislun yfir vissu marki.

Yfirleitt hefur samþykktaruppkastið að geyma svipaðar reglur um varnir gegn geislum og settar eru af öðrum alþjóðastofnunum, sem að þessum málum vinna, en nánari framkvæmdareglur eru í tillöguuppkastinu.

Gerð var ályktun, sem felur í sér áskorun til stjórnarinnar um að taka til athugunar þörfina á því að vernda verkamenn með slysatryggingu gegn afleiðingum geislunar.

7. Vinnandi menn, aðrir en verkamenn.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar ILO frá 1957 var tekið á dagskrá þingsins að ræða vandamál vinnandi manna, sem ekki vinna erfiðisvinnu þ. á m. tæknifræðinga og eftirlitsmanna. Um þetta efni hafði skrifstofan samið ýtarlega skýrslu. Þar

er gerð grein fyrir hinni öru fjölgun í þessum umræddu starfsgreinum, sem orðið hefur samfara hinni tæknilegu framþróun.

Sem sérstök vandamál þessara manna nefnir skýrslan atvinnuspursmál, nám og endurþjálfun, vernd gegn uppsögn, vernd fyrir uppfinningar launþega, heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum, og félagafrelsi.

Hinar almennu umræður um málið leiddu í ljós almennar óskir um að ILO taki mál þessara manna til athugunar, en skiptar skoðanir voru um það, hversu langt skyldi gengið í því efni. Fulltrúar verkamanna og nokkurra ríkisstjórna vildu að þegar yrði hafizt handa um undirbúning samþykktu og tillagna um þessi mál, en meiri hlutinn var þó þeirrar skoðunar að hlutverk ILO í bráð væri að safna frekari gögnum og upplýsingum málinu til skýringar. Fram komu óskir um nákvæma skilgreiningu á því hvaða menn hér væri um að ræða, en talið var ómögulegt að gefa slíka skilgreiningu.

8. Samvinna milli hins opinbera og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þessu þingi og lá fyrir skýrsla um það frá skrifstofunni ásamt uppkasti að tillögunum.

Samþykkt voru nokkur atriði, sem tekin skyldu í væntanlega tillögu um þetta mál, sem fyrirhugað er að verði til síðari umræðu á þinginu 1960.

Í hinum fyrirhugaða texta er mælt fyrir um ráðstafanir til eflingar raunhæfri samvinnu og samráði milli félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna og einnig samvinnu þeirra við hið opinbera. Þessi samvinna á að stuðla almennt að bættri sambúð þessara aðila, bæltum efnahag, vinnukjörum og lífskjörum. Hún skal í því fólgin að þessir aðilar rannsaki þau mál, sem þá varðar sameiginlega í því skyni að komast að samkomulagi og vinna sameiginlega að setningu og framkvæmd laga og reglugerða, er snerta hagsmuni þeirra, og á þetta einkum við um stofnun og starfsemi stofnana, sem fjalla um félagslegt öryggi, vinnumál, heilbrigði og öryggi á vinnustöðum, framleiðni, vinnuvernd, enn fremur um áætlanir á sviði efnahagsmála og félagsmála.

Í umræddu uppkasti segir og að þessa samvinnu skuli efla með frjálsum athöfn-um félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna með tilstyrk opinberra stjórnvalda svo og með lögum og reglugerðum. Enn fremur er það tekið fram að samvinna þessi, sem hér um ræðir megi á engan hátt leiða til skerðingar á félagafrelsi eða réttindum félaga verkamanna eða atvinnurekenda.

Fylgiskjöl.

I. Samþykkt (nr. 108) um persónuskírteini sjómanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar bendingar um gagnkvæma eða alþjóðlega viðurkenningu á persónuskírteinum sjómanna, gefnum út af einstökum ríkjum, sem er sjöundi liður á dagskrá þingsins, og að bendingar þessar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkir það hinn 13. maí 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um persónuskírteini sjómanna.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra sjómanna, sem gegna hvers konar störfum á skipi, öðru en herskipi, sem skrásett er í landi, sem samþykkt þessi tekur til, og venjulega er í siglingum.

2. Ef vafi leikur á því, hvort einhverjir hópar manna skuli teljast sjómenn í merkingu þessarar samþykktar, skal úr því skorið af þar til bæru stjórnvaldi í hverju landi, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal gefa hverjum þegni sínum, sem er sjómaður, skírteini í samræmi við ákvæði 4. greinar þessarar samþykktar, ef hann óskar þess. Ef óhentugt er að gefa út slíkt skírteini til handa sérstökum flokkum sjómanna, getur aðildarríki þó í þess stað gefið út vegabréf, sem greini að eigandi þess sé sjómaður og skal slíkt vegabréf hafa sama gildi og persónuskírteini sjómanns að því er tekur til þessarar samþykktar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, getur gefið út persónuskírteini til handa hverjum öðrum sjómanni, sem sækir um það, ef hann annað hvort vinnur á skipi, sem skráð er í landi þess, eða er skráður þar á vinnumiðlunarskrifstofu.

3. gr.

Persónuskírteini sjómanns skal ávallt vera í vörzlu hans.

4. gr.

1. Persónuskírteini sjómanns skal vera einfalt að gerð, úr haldgóðu efni og þannig lagað að allar breytingar á því séu augljósar.
2. Í persónuskírteini sjómanns skal greina nafn og stöðu þess stjórnvalds, er gefur það út, hvenær og hvar það er gefið út og yfirlýsingu um að skírteinið sé persónuskírteini sjómanns í merkingu þessarar samþykktar.
3. Persónuskírteini sjómanns skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um eiganda þess:
 - a. fullt nafn (fyrsta og síðasta nafn, þar sem það á við);
 - b. fæðingardag og fæðingarstað;
 - c. þjóðerni;
 - d. sérkenni;
 - e. mynd; og
 - f. undirskrift, eða fingrafar þumalfingurs, ef skírteinishafi er óskrifandi.
4. Ef aðildarríki gefur út persónuskírteini til handa erlendum sjómanni, er ekki nauðsynlegt að greina þjóðerni hans. Eigi skal heldur það, sem þar er skráð um þjóðerni, talið fullkomin sönnun um það efni.
5. Í persónuskírteini sjómanns skal greinilega tekið fram hversu lengi það gildi.
6. Að teknu tilliti til ákvæða undanfarandi málsgreina, skal form og efni persónuskírteinis sjómanns nánar ákveðið af aðildarríki, sem gefur það út, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna.
7. Með lögum eða reglugerðum má kveða nánar á um önnur atriði, sem tekin skulu í persónuskírteini sjómanns.

5. gr.

1. Hverjum þeim sjómanni, sem hefur gilt persónuskírteini sjómanns, gefið út af þar til bæru stjórnvaldi í landi, sem þessi samþykkt tekur til, skal heimilt að koma aftur til þess lands.
2. Þannig skal tekið við sjómanni í a. m. k. eitt ár eftir að umrætt skírteini er útrunnið samkvæmt ákvæði þess.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leyfa sjómanni, sem hefur gilt persónuskírteini sjómanns, inngöngu í land, sem samþykkt þessi tekur til, þegar þess er óskað vegna landgönguleyfis um stundarsakir meðan skip er í höfn.

2. Ef í persónuskírteini sjómanns er rúm fyrir athugasemdir þar um, skal aðildarríki einnig leyfa sjómanni með gilt sjómannsskírteini inngöngu í land, sem samþykkt þessi tekur til, ef hann óskar þess:
 - a. til þess að komast á skip sitt eða flytjast á annað skip;
 - b. til þess að ferðast yfir landið til þess að ná skipi sínu í öðru landi eða vegna heimsendingar;
 - c. í öðrum þeim tilgangi, sem þar til bær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríki viðurkenna.
3. Áður en aðildarríki veitir leyfi til inngöngu í land þess í því skyni, sem greint er í undanfarandi málsgrein, getur það krafizt fullnægjandi sannana, þ. á m. skjallegra, frá sjómanninum, útgerðarmanni eða hlutaðeigandi umboðsmanni eða ræðismanni, um áform sjómannsins og möguleika hans til að koma þeim fram. Aðildarríkið getur einnig takmarkað dvöl sjómannsins við tíma, sem telst nægur í þeim tilgangi, sem um er að ræða.
4. Ekkert í þessari grein má skilja þannig að það skerði rétt aðildarríkis til þess að hindra komu hvers sem er til landsins eða dvöl hans þar.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

II. Samþykkt (nr. 109) um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar bendingar um almenna endurskoðun á Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum, (endurskoðuð) 1949, sem er annar liður á dagskrá þingsins, og að bendingar þessar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkir það hinn 14. maí 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð) 1958:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ekkert ákvæði í samþykkt þessari skal breyta neinum ákvæðum um vinnulaun, vinnutíma eða mannafla á skipum, er gerð kunna að hafa verið með lögum, úrskurðum, venju eða samkomulagi milli útgerðarmanna og farmanna og tryggja farmönnum hagkvæmari kjör en gert er ráð fyrir í samþykkt þessari.

2. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra skipa, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga og eru:
 - a. vélknúin;
 - b. skráð í landi, sem samþykktin nær til;
 - c. í flutningum á farmi eða farþegum í atvinnuskyni;
 - d. í siglingum á höfum úti;
2. Samþykkt þessi nær ekki til:
 - a. skipa innan við 500 rúmllestir;
 - b. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“;
 - c. skipa, er fást við fiskveiðar eða önnur störf þeim viðvikjandi;
 - d. skipa til siglinga í árósum.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til allra manna, sem ráðnir eru til einhverra starfa á skipi, nema:

- a. skipstjóra;
- l. hafnsögumanns, sem ekki tilheyrir skipshöfn;
- c. læknis;
- d. hjúkrunarliðs, sem einungis fæst við hjúkrun;
- e. prests;
- f. fólks, sem eingöngu vinnur að fræðslustörfum;
- g. hljóðfæraleikara;
- h. manna, sem gera ekki annað en annast um farminn um borð;
- i. manna, sem eingöngu vinna fyrir eigin reikning eða hljóta aðeins ágóða- eða tekjuhlut;
- j. manna, sem hafa annað hvort engin laun eða málamyndakaup;
- k. manna, sem ráðnir eru til starfa um borð af öðrum en útgerðarmanni, að undanteknum þeim, sem eru í þjónustu ritsímafélags;
- l. hafnarverkamanna, sem ferðast á skipinu, en eru ekki skipverjar;
- m. manna, sem starfa að hvalveiðum, á fljótandi verksmiðjum, flutningaskipum eða á annan hátt að störfum í sambandi við hvalveiðar eða skyld störf með kjörum, sem ákveðin eru með lögum eða ákvæðum í sérstökum heildarsamningi um vinnulíma og önnur vinnukjör við hvalveiðar eða þess háttar, sem sjómannasamtök hafa gert;
- n. manna, sem ekki tilheyra skipshöfn (hvort sem þeir vinna samkvæmt samningi eða ekki), en ráðnir eru meðan skipið er í höfn til viðgerðar, hreinsunar, hleðslu eða affermingar eða svipaðra starfa, eða leysa af í höfn, starfa að viðhaldi, vöktum eða eftirliti.

4. gr.

Í samþykkt þessari merkir:

- a. „yfirmaður“ — þann mann, nema skipstjóra, sem í skipsrúmssamningi er talinn yfirmaður eða vinnur starf, sem talið er yfirmannsstarf í lögum, heildarsamningum eða samkvæmt venju;
- b. „skipismaður“ — skipverja, aðra en skipstjóra eða yfirmenn, þar á meðal fullgilda háseta;
- c. „fullgildur háseti“ — hvern þann mann, sem að landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki til, er talinn hæfur til að vinna öll störf skipsmanna, er starfa á þilfari, nema störf hátsmanns eða fagmanns;
- d. „grunnlaun eða kaup“ — greiðslu til yfirmanns eða skipsmanns í peningum utan fæðiskostnaðar, yfirvinnugreiðslu, premíu eða annarra aukatekna í reiðu fé eða friðu.

5. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, undanskilið fullgildingu II. kafla samþykktarinnar.
2. Að teknu tilliti til ákvæða slíkrar yfirlýsingar, skulu ákvæði II. kafla samþykktarinnar hafa sama gildi og önnur ákvæði hennar.
3. Aðildarríki, sem gefur slíka yfirlýsingu, skal einnig láta í té upplýsingar um grunnkaup á almanaksmánuði fyrir fullgildan háseta á skipi, sem samþykktin tekur til.
4. Aðildarríki, sem gefur slíka yfirlýsingu getur síðar með nýrri yfirlýsingu tilkynnt framkvæmdastjóranum að það samþykki II. kafla. Frá skrásetningardegi slíkrar tilkynningar skulu ákvæði II. kafla gilda fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Meðan yfirlýsing, gefin samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar er í gildi um II. kafla, getur aðildarríkið lýst yfir vilja sínum til að viðurkenna að hann skuli gilda sem tillaga.

II. KAFLI

Laun.

6. gr.

1. Grunnlaun eða kaup fullgilds háseta fyrir unninn almanaksmánuð á skipi, er samþykkt þessi nær til, skulu eigi lægri en sextán brezk pund eða sextíu og fjórir Bandaríkjadollars eða jafngildi þess í annarri mynt.
2. Þegar um er að ræða breytingar á gengi sterlingspunds eða dollara, sem tilkynnt er Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eftir 29. júní 1946, eða slíkar breytingar verða síðar tilkynntar eftir að samþykkt þessi er gerð, skal:
 - a. lágmarksgrunnkaupi því, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar og reiknað er eftir þeirri myntinni, sem breytt verður, breytt á þá leið, að það jafngildi hinni myntinni;
 - b. forstjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar tilkynna meðlimum Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar breytinguna; og
 - c. hið breytta lágmarkskaup vera bindandi fyrir meðlimi þá, sem fullgilt hafa þessa samþykkt, á sama hátt og kaup það, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, og gengur það í gildi, að því er varðar hvert slíkt aðildarríki, í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því, er forstjórinn tilkynnti breytinguna.

7. gr.

1. Þegar um skip er að ræða, þar sem ráðnir eru hópar skipsmanna, og þar af leiðandi ráðnir fleiri skipsmenn en annars mundu ráðnir, skulu lágmarksgrunnlaun eða kaup fullgilds háseta nema upphæð, er svari til lágmarksgrunnlauna þeirra eða kaups, sem um getur í fyrri grein.
2. Hvaða upphæð teljist tilsvarendi, ákveðst í samræmi við þá grundvallarreglu, að greiða skuli sama kaup fyrir sömu vinnu, og taka hæfilega til greina:
 - a. þá tölu aukaskipsmanna, sem ráðnir eru, og
 - b. hvers konar aukin eða lækkuð útgjöld útgerðarinnar út af ráðningu slíkra hópa skipsmanna.
3. Hvað telja skuli tilsvarendi kaup, skal ákvarða í heildarsamningi milli þeirra samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi í landi þeirra hópa starfsmanna, sem í hlut eiga, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi og bæði viðkomandi lönd hafa fullgilt samþykkt þessa.

8. gr.

Fái skipverji ekki máltíðir ókeypis, skal auka lágmarksgrunnkaup um þá upphæð, sem ákveðin verður í heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi.

9. gr.

1. Gengi það, sem fara skal eftir, þegar ákveðin eru lágmarksgrunnlaun í öðrum gjaldeyri samkvæmt ákvæðum 6. greinar, skal vera skráð gengi brezks punds eða Bandaríkjadollars.
2. Nú er meðlimur Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar einnig meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal þá gengi það, sem notað er, vera hið gildandi gengi samkvæmt stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
3. Nú er meðlimur Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar ekki meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal gengið þá vera hið opinbera gengi gagnvart gulli

eða Bandaríkjadollar eftir vigt þeirri og gæðum, sem gildi 1. júlí 1944 og notað er að jafnaði í greiðslum og yfirfærslum í millirikjaviðskiptum.

4. Nú er hvorki hægt að heimfæra gjaldeyri undir 2. né 3. málsgrein hér að framan:
 - a. skal þá gengi það, sem reiknað verður með í samræmi við þessa grein, ákveðið af þeim meðlim Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar, sem hlut á að máli;
 - b. skal meðlimur sá, sem hlut á að máli, tilkynna forstjóra Alþjóðavinnuámalaskrifstofunnar úrskurð sinn, og skal forstjórinn þegar í stað tilkynna það öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykkt þessa;
 - c. innan sex mánaða frá því forstjórinn hefur gefið út slíkar tilkynningar, mega allir meðlimir, sem fullgilt hafa samþykktina, tjá forstjóra Alþjóðavinnuámalaskrifstofunnar, að þeir mótmæli nefndum úrskurði, og skal forstjórinn þá tilkynna það þeim meðlim, sem hlut á að máli, svo og öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykktina, og leggja málið fyrir nefnd þá, sem ráð er fyrir gert í 22. grein;
 - d. framangreind ákvæði skulu gilda um allar breytingar á úrskurði þess meðlims, sem hlut á að máli.
5. Breyting á grunnaunum eða kaupum, sem leiðir af breytingu þess gengis, sem reiknað er með í öðrum gjaldeyri, skal öðlast gildi í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því breytingin á gengi þeirra gjaldmiðla, sem um var að ræða, gekk í gildi.

10. gr.

Allir meðlimir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir:

- a. til að tryggja með eftirlitskerfi og refsiaðgerðum, að laun séu ekki lægri en ákveðið er í samþykkt þessari; og
- b. að tryggja, að öllum mönnum, sem fengið hafa lægri laun en hér eru ákveðin, sé gert fært að innheimta með ódýrri og fljótlegri málssókn eða annarri innheimtuaðferð upphæð þá, sem á kann að skorta.

III. KAFLI

Vinnutími á skipum.

11. gr.

Þessi kafli samþykktarinnar nær ekki til:

- a. fyrsta stýrimanns eða fyrsta vélstjóra;
- b. gjaldkera;
- c. annarra yfirmanna yfir starfsdeildum, sem ekki ganga á vaktir;
- d. manna, sem starfa í bókhaldi eða matreiðslu- og framreiðsludeild skips, og
 - (i) starfa sem yfirmenn, eftir því sem greinir í heildarsamningum milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða
 - (ii) vinna eingöngu fyrir eigin reikning, eða
 - (iii) taka eingöngu laun í umboðspóknun eða aðallega með ágóða- eða tekjuhluta.

12. gr.

Í þessum kafla samþykktarinnar merkir:

- a. „skip í stuttum siglingum“ — skip, sem eingöngu eru í förum, sem ekki ná lengra frá landi því, sem þau annast siglingar frá, en til nálægra hafna nágrannalands innan takmarka, sem
 - (i) greinilega eru tiltekin í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna;
 - (ii) eru hin sömu að því er tekur til allra ákvæða þessa kafla samþykktarinnar;

- (iii) aðildarríki hefur tilkynnt, þegar það lét skrásetja fullgildingu sína með sérstakri, viðfestri yfirlýsingu, og
- (iv) hafa verið ákveðin í samráði við aðra meðlimi, sem hlut eiga að máli;
- b. „langferðaskip“ — skip í öðrum og lengri siglingum;
- c. „farþegaskip“ — skip, sem hafa leyfi til flutnings á meira en 12 farþegum;
- d. „vinnutími“ — tíma þann, sem manni er ætlað að vinna fyrir skip eða útgerðarmann þess, að boði yfirboðara síns.

13. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna, sem starfa á þilfari, í vélarrúmi og loftskýtastöð skipa í stuttum siglingum.
2. Venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna skal ekki vera lengri en hér segir:
 - a. tuttugu og fjórar klukkustundir á hverjum tveim samfelldum sólarhringum, þegar skipið er í hafi;
 - b. þegar skipið er í höfn:
 - (i) á vikulegum hvíldardegi í allt að tveggja tíma vinnu að nauðsynlegum skyldustörfum og hreinlætisstörfum;
 - (ii) aðra daga 8 klst., nema í heildarsamningi sé ákveðinn lægri lími á dag;
 - c. 112 klst. á tveim vikum samfelldum;
3. Tími, sem unnið er umfram það, sem fram er tekið í liðunum a og b í 2. málsgrein, skal reiknast sem yfirvinna, og skal yfirmaður eða skipsmaður, sem í hlut á, eiga kröfu á uppbót fyrir hann í samræmi við 18. grein þessarar samþykktar.
4. Fari heildarvinnutími á tveim vikum samfelldum að frádregnum þeim stundum, sem teljast til yfirvinnu, fram úr 112 klst., skal yfirmaður sá eða skipsmaður, sem í hlut á, fá hann bættan með frítíma í landi eða á annan þann hátt, sem ákveðið kann að vera í heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.
5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákvarða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

14. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna á þilfari, í vélarrúmi og loftskýtastöð skipa, sem er í langferðum.
2. Þegar skip er á hafi og daginn, sem það kemur og fer, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna ekki fara fram úr 8 stundum á sólarhring.
3. Þegar skip er í höfn, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna ekki lengri en hér segir:
 - a. á vikulegum hvíldardögum skal vinna að nauðsynlegum skyldustörfum og hreinlætisstörfum, þó ekki lengur en tvær stundir;
 - b. aðra daga átta stundir, nema í heildarsamningi sé gert ráð fyrir styttri tíma.
4. Vinnutíma umfram daglegt hámark, sbr. undanfariandi málsgreinar, skal telja til yfirvinnu, og eiga yfirmenn og skipsmenn kröfu á greiðslum fyrir hann í samræmi við ákvæði 18. greinar samþykktar þessarar.
5. Fari samanlagður vinnustundafjöldi á viku, að undanskildum þeim tíma, sem skoðast yfirvinna, fram úr 48, skal yfirmaður sá eða skipsmaður, sem hlut á að máli, fá frítíma á móti í landi eða fá aðra uppbót eftir því, sem ákveðið er í heildarsamningi samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.
6. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákvarða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

15. gr.

1. Þessi grein nær til manna, sem starfa að matseld eða framreiðslu matar um borð.
2. Á farþegaskipi skal venjulegur vinnutími ekki lengri en:
 - a. 10 stundir af hverjum 14 samfelldum, þegar skip er í hafi og daginn, sem það kemur eða fer;
 - b. þegar skip er í höfn:
 - (i) 10 stundir af hverjum 14 stundum samfelldum, meðan farþegar eru um borð;
 - (ii) annars:
 - daginn fyrir vikulegan hvíldardag 5 stundir,
 - á vikulegum hvíldardegi 5 stundir fyrir þá, sem starfa að frammistöðu, og allt að tvær stundir til nauðsynlegra skyldustarfa og hreinlætisstarfa að því er tekur til annarra manna; alla aðra daga 8 stundir.
3. Á skipi, sem ekki er farþegaskip, skal venjulegur vinnutími ekki vera lengri en:
 - a. níu klukkustundir á hverjum þrettán klst. samfelldum, þegar skipið er í hafi og daginn, sem það fer eða kemur;
 - b. þegar skipið er í höfn: á vikulegum hvíldardegi, 5 klukkustundir; daginn fyrir vikulegan hvíldardag, sex stundir; alla aðra daga átta stundir á hverjum 12 stundum.
4. Fari samanlagður fjöldi vinnustunda á tveim vikum samfelldum fram úr 112, skal sá, sem í hlut á, fá í þess stað fri í landi eða aðra uppbót, samkvæmt heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.
5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, má setja sérreglur um vinnutíma vökumanna.

16. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna á skipum í lengri og skemmri ferðum.
2. Um frítíma í höfn skal semja milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, á þeim grundvelli, að yfirmenn og skipsmenn fái eins mikið fri í höfn og framkvæmanlegt er og að slíkur frítími skuli ekki reiknast sem orlof.

17. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald má veita undanþágu frá þessum kafla samþykktarinnar, að því er snertir þá yfirmenn, sem ekki eru undanþegnir skv. ákvæðum 11. greinar, með þessum skilyrðum:
 - a. yfirmennirnir verða samkvæmt heildarsamningi að hafa rétt til starfsskilyrða, sem hlutaðeigandi stjórnvald úrskurðar, að séu fullnægjandi uppbót á því, að ákvæðum þessarar samþykktar er ekki beitt, og
 - b. heildarsamningurinn verður upphaflega að hafa verið gerður fyrir 30. júní 1946 og vera enn í gildi eða endurnýjaður.
2. Aðildarríki, sem beitir ákvæðum 1. málsgreinar, skal láta forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar í té allar upplýsingar um slíka heildarsamninga, og forstjórinn skal leggja útdrátt úr þeim upplýsingum fyrir nefnd þá, sem um getur í 22. grein.
3. Nefnd þessi skal athuga, hvort í heildarsamningum þeim, sem henni eru sendir, sé gert ráð fyrir starfsskilyrðum, er bæti það að fullu upp, að ákvæðum þessa kafla samþykktarinnar er ekki beitt. Allir meðlimir, sem fullgilda samþykktina, skulu skyldir til að taka til athugunar allar athugasemdir og tillögur, sem nefndin gerir varðandi slíka samninga, og enn fremur að vekkja athygli samtaka útgerðarmanna og yfirmanna, sem eru aðilar að slíkum samningum, á öllum slíkum athugasemdum og tillögum.

18. gr.

1. Uppbætur fyrir yfirvinnu skal ákveða í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum, en aldrei skal tímakaup fyrir yfirvinnu vera lægra en einn og einn fjórði hluti grunnlauna eða kaups á klukkustund.
2. Í heildarsamningum má gera ráð fyrir uppbótum með jafnlöngu frii frá störfum í landi í stað peningagreiðslu eða annars konar uppbóta.

19. gr.

1. Komizt skal sjá stöðugri yfirvinnu þegar það er hægt.
2. Eigi skal telja tíma, sem fer til eftirtalinna starfa, til venjulegs vinnutíma né til yfirvinnu í merkingu þessa kafla samþykktarinnar:
 - a. störf, sem skipstjóri telur nauðsynleg og aðkallandi vegna öryggis skips, farms eða manna um borð;
 - b. störf, sem skipstjóri krefst, að unnin séu til að aðstoða önnur skip eða fólk í háska;
 - c. liðskönnun, eldvarna- eða hjörgunarbatáæfingar eða aðrar æfingar, sem fyrir er mælt um í gildandi alþjóðasamþykkt um lífsöryggi á sjó;
 - d. aukastörf vegna tollskoðunar, sóttvarna eða annarra heilbrigðisráðstafana;
 - e. eðlileg nauðsynjastörf yfirmanna til að ákvarða stöðu skips og veðurathuganir;
 - f. aukatíma vegna skipta á vöktum.
3. Ekkert í samþykkt þessari má skoða svo, sem það skerði rétt og skyldu skipstjóra til að fyrirskipa né skyldur yfirmanna eða skipverja til að framkvæma hvert það verk, er skipstjóri telur nauðsynlegt til öryggrar og góðrar stjórnar á skipinu.

20. gr.

1. Eigi mega menn yngri en 16 ára vinna að nóttu til.
2. Í grein þessari merkir „nótt“ a. m. k. níu stunda samfelldan tíma fyrir og eftir miðnætti, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðið verður í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

IV. KAFLI

Mannafli.

21. gr.

1. Öll skip, sem samþykkt þessi nær til, skulu hafa nægan og hæfan mannafla til:
 - a. að tryggja lífsöryggi til sjós;
 - b. að fullnægja ákvæðum III. kafla samþykktar þessarar, og
 - c. að komast hjá of mikilli áreynslu skipverja, svo og til að komast sem mest hjá yfirvinnu.
2. Öll aðildarríki skuldbinda sig til að halda uppi eða sjá um, að uppi sé haldið stofnunum til að rannsaka og úrskurða allar kærur eða deilur út af mannafla skips.
3. Fulltrúar samtaka útgerðarmanna og sjómanna skulu taka þátt í slíkum stofnunum, ásamt eða án annarra manna eða stjórnvalda.

V. KAFLI

Framkvæmd samþykktarinnar.

22. gr.

1. Veita má samþykkt þessari gildi með a) lögum eða reglugerðum, b) heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna (nema að því er snertir 2. málsgrein 21. greinar) eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildar-

samningum útgerðarmanna og sjómanna. Nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt þessari, ná ákvæði hennar til allra skipa, sem skráð eru í þeim aðildarríkjum, sem hana hafa fullgilt, svo og til allra manna, sem ráðnir eru á slík skip.

2. Þegar framfylgt er einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar í heildarsamningum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal aðildarríki ekki skylt að gera neinar ráðstafanir til að framfylgja 10. grein, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er varðar þau ákvæði þeirrar greinar, sem fram er fylgt með heildarsamningi.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að láta forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar í té upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla gildandi heildarsamninga, þar sem einhverjum ákvæðum hennar er fullnægt.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að taka með þriggja aðila sendinefnd þátt í hverri þeirri nefnd fulltrúa ríkisstjórna, útgerðarmanna- og farmannasamtaka, þar sem einnig sætu sem ráðgjafar fulltrúar Siglingamálanefndar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem útnefnd kann að verða í því skyni að rannsaka ráðstafanir þær, sem gerðar eru til þess að framkvæma samþykktina.
5. Forstjórinn skal leggja fyrir þá nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem hann hefur fengið samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.
6. Nefnd þessi skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka tillit til allra athugasemda og tillagna varðandi framkvæmd samþykktarinnar, sem nefndin kann að gera, svo og til að vekja athygli samtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem aðilar eru að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, á öllum athugasemdum og tillögum fyrrgreindrar nefndar um það, að hve miklu leyti ákvæði samþykktarinnar koma til framkvæmda í slíkum samningum.

23. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal ábyrgjast, að ákvæðum hennar sé beitt um öll skip skráð innan þess, svo og, nema samþykktinni sé fullnægt með heildarsamningum, að hafa í gildi lög eða reglugerðir, er:
 - a. kveði á um skyldur útgerðarmanna og skipstjóra til að hlýða ákvæðum samþykktarinnar;
 - b. geri ráð fyrir hæfilegum viðurlögum út af brotum á henni;
 - c. geri ráð fyrir hæfilegu opinberu eftirliti með framkvæmd IV. kafla;
 - d. segi fyrir um, að halda skuli skýrslur um vinnutíma vegna ákvæða III. kafla, og uppbætur greiddar fyrir yfirvinnu og umframvinnu;
 - e. tryggji sjómönnum sömu aðstöðu til að framfylgja kröfum fyrir uppbætur út af yfir- og umframvinnu og þeir hafa til að krefjast vangoldinna launa.
2. Hafa skal samráð, að svo miklu leyti sem eðlilegt og mögulegt er, við samtök útgerðarmanna og sjómanna, þegar undirbúin eru lög eða reglugerðir til að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

24. gr.

Til þess að veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samþykktar þessarar, skulu öll aðildarríki, sem fullgilda hana, takast á hendur að fyrirskipa hlutaðeigandi stjórnvaldi í öllum höfnum í landi sínu að skýra ræðismanni eða öðru stjórnvaldi annars slíks ríkis frá öllum tilvikum, þegar fyrrnefnt stjórnvald hefur komið að raun um, að ákvæðum samþykktarinnar er ekki framfylgt um skip, sem skráð er í landi hins síðarnefnda aðildarríkis.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

25. gr.

1. Þessi samþykkt er endurskoðuð útgáfa á Samþykktum um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum frá 1946 og 1949.
2. Að því er snertir 28. grein Samþykktar um vinnutíma og mannafla (til sjós) 1936 skal þessi samþykkt einnig skoðast sem endurskoðun þeirrar samþykktar.

26. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.

27. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingarskjöl sín.
2. Hún skal fyrst öðlast gildi sex mánuðum eftir að eftirfarandi skilmálum hefur
verið fullnægt:
 - a. níu þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafa látið skrásetja fullgildingar sínar:
Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazílía, Chile, Danmörk,
Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Japan,
Jugoslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portugal, Sameinaða konungs-
ríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands, Sovétríkin, Svíþjóð, Tyrkland, Vestur-
Þýskaland.
 - b. í hópi þeirra ríkja, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar, skulu vera að
minnsta kosti fimm ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón
smálesta skipastól á skrásetningardegi;
 - c. samanlagður skipastóll þeirra meðlima, sem látið hafa skrá fullgildingar
sínar, sé á skráningardegi eigi minni en fimmtán milljón brúttó rúmlestir.
3. Ákvæði næstu málsgreinar hér að framan eru sett til þess að auðvelda og flýta
fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.
4. Eftir að samþykktin hefur fyrst öðlast gildi, skal hún öðlast gildi að því er
snertir hvern meðlim sex mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

28. gr.

1. Meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að fimm
árum liðnum, frá því að hún öðlast upphaflega gildi, með tilkynningu, er senda
skal forstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn
skal eigi gilda fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Nú hefur meðlimur fullgilt samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess
árs, er kemur næst á eftir þeim fimm ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein,
réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, og skal hann
þá bundinn af henni í önnur fimm ár, en má að þeim loknum segja henni upp,
svo og eftir hvert fimm ára tímabil, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

29. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal tilkynna meðlimum Alþjóða-
vinnu-
málastofnunarinnar um skrásetningu allra fullgildingarskjala, yfirlýsinga
og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent til hans.
2. Þegar forstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu hinnar síðustu
fullgildingar, sem þarf, til þess að samþykktin öðlist gildi, skal hann þakka
athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

30. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

31. gr.

Í lok hvers tíu ára tíambils, frá því er þessi samþykkt öðlaðist gildi, skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnuáskrifstofunnar leggja fyrir Vinnuálagning skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

32. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingu á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal, nema öðruvísi verði ákveðið í hinni nýju samþykkt:
 - a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt skoðast ipso jure sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 28. greinar hér að framan liður, svo framarlega sem og frá því hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazi gildi;
 - b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru liður, vera í gildi að formi til og efni hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

33. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

III. Samþykkt (nr. 111) um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 42. sinni þann 4. júní 1958 og með því að það hefur fallið á tilteknar bendingar um misrétti á sviði atvinnu og starfs, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og ákveðið að þessar bendingar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar og með tilliti til þess að Filadelfíu-yfirlýsingin staðfestir að allir menn, án tillits til kynþátta, trúarbragða eða kynferðis, eigi rétt á því að efla efnalega velferð sína og andlegan þroska á frjálsan og sæmandi hátt við efnahagslegt öryggi og jafnrétti og enn fremur með tilliti til þess að misrétti er brot á þeim réttindum, sem talin eru í Almennu mannréttindayfirlýsingunni, gerði það hinn 25. júní 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf, 1958:

1. gr.

1. Í merkingu þessarar samþykktar tekur hugtakið „misrétti“ til:
 - a. hvers konar greinarmunur, útilokunar eða forréttinda, er byggist á kynþætti, litarhætti, kynferði, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegum eða félagslegum uppruna, og hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi;
 - b. Sérhvers annars mismunar, útilokunar eða forréttinda, sem hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í vinnu eða starfi, eftir því sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa ákveðið að höfðu samráði við fulltrúa aðalsamtaka verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru, og aðra aðila, sem við á.

2. Hvers konar mismunur, útilokun eða forréttindi varðandi tiltekið starf, sem byggist á kröfum þeim, sem því starfi fylgja, skal ekki telja misrétti.
3. Að því er tekur til þessarar samþykktar skulu hugtökin „atvinna“ og „starf“ einnig ná til aðgangs að starfsþjálfun, aðgangs að vinnu og sérstökum störfum svo og vinnukjara.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessari samþykkt þessari, undirgengst að lýsa yfir og framfylgja þjóðlegri stefnu, sem með þeim aðferðum, er henta aðstæðum og venju í hverju landi, miði að því að koma á jafnrétti með tilliti til möguleika og meðhöndlunar varðandi vinnu og störf í því skyni að útrýma misrétti í þessum efnun.

3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessari samþykkt, undirgengst að það skuli með þeim aðferðum, sem henta þjóðlegum aðstæðum og venju:

- a. leita samvinnu við félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna og annarra viðkomandi aðila til þess að greiða fyrir viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
- b. setja þau lög og efla þess konar fræðslukerfi, sem telja má að tryggji viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
- c. nema úr gildi þau lagaákvæði og breyta þeim reglugerðarákvæðum eða venju, sem kunna að vera ósamrýmanleg þessari stefnu;
- d. framfylgja þessari stefnu að því er tekur til vinnu, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
- e. tryggja framkvæmd þessarar stefnu í starfsemi, er snertir leiðbeiningar um stöðuval, starfsþjálfun og vinnumiðlun, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
- f. greina frá því, í ársskýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, hvað gert hefur verið samkvæmt þessari stefnu og hvern árangur það hefur borið.

4. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru gegn manni, sem með rökum er grunaður um að vera eða er þátttakandi í starfsemi, sem er hættuleg öryggi ríkisins, skulu ekki taldar misrétti, enda skal hlutaðeigandi manni rétt að áfrýja til þar til bærrar stofnunar, sem sett sé á fót samkvæmt venju í hlutaðeigandi ríki.

5. gr.

1. Sérstakar aðgerðir til verndar eða aðstoðar, sem kveðið er á um í öðrum samþykktum eða tillögum frá Alþjóðavinnuálagninginu, skulu ekki taldar misrétti.
2. Sérhvert aðildarríki getur, að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru, ákveðið að ekki skuli telja misrétti fólgið í öðrum sérstökum ráðstöfunum, sem miða að því að fullnægja sérstökum þörfum fólks, sem t. d. vegna kynferðis, aldurs, örorku, framfærsluskyldu eða félagslegrar eða menningarlegrar stöðu er að almanna áliti þurfandi sérstakrar verndar eða hjálpar.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að framfylgja henni í ósjálfstæðum löndum í samræmi við ákvæði stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Samþykkt þessi er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar, sem látið hafa framkvæmdastjórnann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjórnunum.
3. Síðan gengur samþykktin í gildi fyrir hvert einstakt ríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess var skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar til skrásetningar. Slik uppsögn gengur ekki í gildi fyrir en liðið er ár frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhver aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar kann að álita það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Þinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

IV. Samþykkt (nr. 112) um lágmarksaldur fiskimanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 43. sinni þann 3. júní 1959 og með því að það hefur fallizt á tilteknar bendingar um lágmarksaldur fiskimanna, sem er þáttur fimmta máls á dagskrá þingsins og ákveðið að þessar bendingar skuli færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkti það hinn 19. júní 1959 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, 1959:

1. gr.

1. Í samþykkt þessari tákna orðið „fiskiskip“ hvers konar skip og báta í eigu hins opinbera eða einstaklinga, sem stunda fiskveiðar á sjó.
2. Samþykkt þessi tekur ekki til fiskveiða í höfnum og ármynnum né til manna, sem veiða sér til gamans eða hressingar.

2. gr.

1. Eigi má láta börn innan fimmtán ára aldurs vinna á fiskiskipum.
2. Slík börn geta þó öðru hverju tekið þátt í störfum á fiskiskipi í skólaleyfum, enda séu störf þau, sem þau vinna,
 - a. ekki skaðleg heilsu þeirra eða eðlilegum þroska,
 - b. ekki með þeim hætti að þau hamli skólagöngu þeirra, og
 - c. ekki unnin í ágóðaskyni.
3. Enn fremur má þó með lögum eða reglugerðum kveða á um að gefa megi út til handa börnum, sem orðin eru 14 ára, leyfi til þess að vinna í þeim tilfellum, sem skólayfirvöld eða önnur þar til bær stjórnarvöld, sem tiltekin eru í slíkum lögum eða reglugerðum, eru þess fullviss að slík vinna sé barninu til góðs, með fullu tilliti til heilsu og líkamlegs ástands barnsins og hagsbóta þess af fyrirhuguðu starfi í nútíð og framtíð.

3. gr.

Eigi má láta unglinga innan 18 ára aldurs vinna sem kyndara eða kolamokara á fiskiskipum, sem brenna kolum.

4. gr.

Ákæði 2. og 3. greinar taka ekki til vinnu barna á skólaskipum eða æfingaskipum, enda sé slík vinna samþykkt af hlutaðeigandi stjórnvaldi og undir eftirliti þess.

5. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálagstofnunar til skrásetningar.

6. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau ríki, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

7. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálagstofnunar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur þessa samþykkt, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

8. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

9. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

10. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álita það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

11. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 7. greinar hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

12. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

V. Samþykkt (nr. 113) um læknisskoðun fiskimanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 43. sinni þann 3. júní 1959 og með því að það hefur fallizt á tilteknar bendingar um læknisskoðun fiskimanna, sem er þáttur fimmta máls á dagskrá þingsins, og ákveðið að þessar bendingar skuli færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkti það hinn 19. júní 1959 eftirfarandi samþykkt, sem vitna má til sem Samþykktar um læknisskoðun fiskimanna, 1959.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari tákna orðið „fiskiskip“ hvers konar skip og báta í eigu hins opinbera eða einstaklinga, sem stunda fiskveiðar á sjó.

2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna, þar sem þau eru til, getur þar til bært stjórnvald veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar að því er tekur til skipa, sem venjulega eru ekki á sjó lengur en þrjá daga.
3. Samþykkt þessi tekur ekki til fiskveiða í höfnum og ármynnum né til einstaklinga, sem veiða sér til gamans eða hressingar.

2. gr.

Engan mann má ráða til neinna starfa á fiskiskipi nema hann leggi fram vottorð frá starfandi lækni, sem viðurkenndur er af þar til bæru stjórnvaldi, um það, að hann sé fær til þeirra starfa, sem honum er ætlað að vinna á skipi.

3. gr.

1. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna, þar sem þau eru til, skal þar til bært stjórnvald ákveða hvernig lækni- og skóðuninni skuli háttáð og hvað skuli fram tekið í lækni- og skóðuninni.
2. Við ákvörðun á því, hvernig lækni- og skóðunin skuli háttáð, skal taka fullt tillit til aldurs þess manns, sem skoða skal, og hvers konar starf um er að ræða.
3. Sérstaklega skal í lækni- og skóðuninni vottað að hlutaðeigandi maður þjáist ekki af neinum sjúkdómi, sem líklegt er að versni við sjóvinnu eða geri hann óhæfan til slíkrar vinnu, eða hætta stafi af fyrir aðra menn um borð.

4. gr.

1. Þegar um er að ræða yngri menn en tuttugu og eins árs, skal lækni- og skóðunin ekki gilda lengur en eitt ár frá útgáfudegi þess.
2. Þegar um er að ræða menn, sem orðnir eru tuttugu og eins árs, skal hlutaðeigandi stjórnvald ákveða hversu lengi lækni- og skóðunin skuli gilda.
3. Ef gildistími lækni- og skóðunar rennur út meðan á sjóferð stendur, skal það halda gildi sínu þar til þeirri sjóferð er lokið.

5. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til þess að manni, sem að lokinni lækni- og skóðun hefur verið synjað um vottorð, sé gert kleift að sækja um aðra skoðun hjá lækni eða læknum, sem ekki séu háðir neinum útgerðarmanni fiskiskips né neinum samtökum útgerðarmanna eða fiskimanna.

6.—12. gr.

(Samhljóða 5.—11. gr. Samþykktar um lágmarksaldur fiskimanna, nema hvað í 12. gr. 1. a. á að vitna til 8. gr. en ekki 7. gr.).

VI. Samþykkt (nr. 114) um skiprúmssamninga fiskimanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðs, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 43. sinn þann 3. júní 1959 og með því að það hefur fallið á tilteknar bendingar um skiprúmssamninga fiskimanna, sem er þáttur fimmta máls á dagskrá þingsins, og ákveðið að þessar bendingar skuli færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykktu það hinn 19. júní 1959 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna, 1959:

1. gr.

1. Í samþykkt þessari táknað orðið „fiskiskip“ hvers konar skip og báta, sem eru skrásett eða hafa skipsskjöl og stunda fiskveiðar á sjó, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald getur undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar skip af þeirri gerð og stærð, sem ákveðin sé í samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til.
3. Ef hlutaðeigandi stjórnvald hefur fullvissað sig um að málum þeim, sem þessi samþykkt ræðir um, sé skipað á fullnægjandi hátt með heildarsamningum milli útgerðarmanna fiskiskipa eða félagssamtaka þeirra og samtaka fiskimanna, getur það undanskilið ákvæðum samþykktarinnar þá útgerðarmenn fiskiskipa og fiskimenn, sem slíkir samningar taka til.

2. gr.

Í þessari samþykkt tekur orðið „fiskimaður“ til allra manna, sem eru ráðnir á eða vinna einhver störf á fiskiskipi og skráðir eru í skipshafnarskrá. Það tekur ekki til leiðsögumanna, nemenda á skólaskipum, lærlinga á námssamningi, áhafna herskipa eða annarra í fastri þjónustu ríkisins.

3. gr.

1. Skiprúmssamningur skal undirritaður bæði af útgerðarmanni fiskiskips eða umboðsmanni hans og fiskimanni. Fiskimanni og ráðunaut hans skal gert auðvelt að athuga skiprúmssamning áður en hann er undirritaður.
2. Fiskimaðurinn skal undirrita samninginn við þær aðstæður, sem ákveðnar séu með lögum, svo að tryggt sé viðeigandi eftirlit af hálfu hlutaðeigandi opinbers stjórnvalds.
3. Framanrituðum ákvæðum skal talið fullnægt, ef hlutaðeigandi stjórnvald lýsir því yfir að ákvæði samningsins hafi verið lögð fyrir það skriflega og verið staðfest af bæði útgerðarmanni eða umboðsmanni hans og fiskimanninum.
4. Með lögum skal setja ákvæði, er tryggi það, að fiskimaðurinn hafi skilið samninginn.
5. Samningurinn má ekki hafa að geyma neitt, sem andstætt er landslögum.
6. Með lögum skal kveða á um þau nánari formsatriði og öryggisráðstafanir í sambandi við samningsgerðina, sem talið kann að vera nauðsynlegt til þess að vernda hagsmuni útgerðarmanns fiskiskips og sjómannsins.

4. gr.

1. Í samræmi við lög skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að samningurinn hafi ekki að geyma nein ákvæði um að samningsaðilar séu fyrir fram ásáttir um að víkja frá hinum venjulegu reglum um lögsögu yfir samningnum.
2. Þessa grein má ekki skýra þannig að hún útiloki að máli sé vísað til gerðardóms.

5. gr.

Færð skal vinnubók fyrir sérhvern sjómann. Skal það gert af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða á þann hátt, sem það mælir fyrir um. Að lokinni hverri veiðiferð eða sjóferð skal vinnuvottorð um þá veiðiferð eða sjóferð gefið fiskimanninum eða fært inn í vinnubók hans.

6. gr.

1. Samninginn má gera fyrir tiltekinn tíma eða tiltekna sjóferð eða fyrir ótiltekinn tíma, ef það er leyft í lögum.
2. Í samningnum skal greina skýrt réttindi og skyldur beggja samningsaðila.
3. Í honum skulu vera eftirtalin atriði, nema eitt eða fleiri þeirra séu óþörf vegna þess að málinu sé skipað á annan hátt með lögum eða reglugerðum:
 - a. eftirnafn og önnur nöfn fiskimannsins, fæðingardagur hans eða aldur, og fæðingarstaður;
 - b. hvar og hvenær samningurinn er gerður;

- c. heiti þess eða þeirra fiskiskipa, sem fiskimaðurinn ætlar að vinna á;
- d. ferð sú eða ferðir, sem fyrirhugaðar eru, ef hægt er að ákveða þær þegar samningurinn er gerður;
- e. hvaða störf fiskimaðurinn á að vinna;
- f. hvar og hvenær fiskimaðurinn á að mæta til vinnu, ef hægt er að tiltaka það;
- g. hversu miklar vistir skuli látnar sjómanni í té, ef ekki er önnur skipan ákveðin með lögum;
- h. kaup hans eða aflahlutur og hversu hann skuli reiknaður ef hann er ráðinn upp á hlut, eða kaup hans og hlut og hversu hlutur er reiknaður ef honum er greitt bæði með kaupi og aflahlut svo og kauptrygging, sem um kann að vera samið;
- i. samningslok og skilyrði þeirra, þ. e. a. s.:
 - (i) sá dagur er samningur rennur út, ef samningurinn er gerður til ákveðins tíma;
 - (ii) ákvörðunarstaður og hversu langur tími skal líða frá komu skips til afskráningar fiskimannsins, ef samningurinn er gerður fyrir eina sjóferð;
 - (iii) hvaða atvik veita aðilum heimild til að segja samningnum upp og hver uppsagnarfrestur sé, ef samningurinn er til ótiltekins tíma; þessi uppsagnarfrestur má þó ekki vera styttri fyrir útgerðarmann en fiskimann;
- j. önnur atriði, sem krafizt kann að vera í landslögum.

7. gr.

Ef svo er mælt fyrir í lögum að skipshafnarskrá skuli vera á skipi skal samningurinn annað hvort skráður í hana eða festur við hana.

8. gr.

Til þess að fiskimaðurinn geti kynnt sér hvers eðlis og hversu mikil réttindi hans og skyldur eru, skal hlutaðeigandi stjórnvald ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar til þess að unnt sé að fá nákvæmar upplýsingar um vinnukjör um borð í skipinu.

9. gr.

Samningur, sem gerður er fyrir ákveðna sjóferð, eða til tiltekens eða ótiltekens tíma, fellur úr gildi ef:

- a. samningsaðilar eru ásáttir um það;
- b. fiskimaður deyr;
- c. fiskiskipið ferst eða verður algjörlega ósjófært;
- d. fyrir hendi eru aðrar orsakir, sem tilteknar kunna að vera í lögum.

10. gr.

Með lögum, heildarsamningum eða einstökum samningum skal ákveða hvaða atvik veita útgerðarmanni eða skipstjóra rétt til þess að segja fiskimanni upp starfi þegar í stað.

11. gr.

Með lögum, heildarsamningum eða einstökum samningum skal einnig ákveða hvaða atvik valda því að fiskimaður getur krafizt lausnar þegar í stað.

12. gr.

Þar sem ekki er öðruvísi ákveðið í samþykkt þessari má veita ákvæðum hennar gildi með lögum eða heildarsamningum.

13.—19. gr.

(Samhljóða 5.—11. gr. í Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, nema hvað tilvitnun í 19. gr. a. á að vera til 15. gr. en ekki til 7. gr.).

VII. Tillaga (nr. 105) um innihald lyfjaskrína í skipum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Gení, kom saman í 41. sinn þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar bendingar um innihald lyfjaskrína í skipum, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þessa þings, og að bendingar þessar skyldu færðar í tillöguform, samþykkti það 13. maí 1958 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um lyfjaskrín skipa, 1958:

Þingið leggur til að sérhvert aðildarríki beiti eftirfarandi ákvæðum:

1. a. Í öllum skipum, sem á sjó sigla, skal skylt að hafa lyfjaskrín, en innihald þeirra skal ákveðið af þar til bæru stjórnvaldi, að teknu tilliti til atriða eins og hversu margir eru um borð svo og hvers eðlis sjóferðin er og hversu löng hún er. Að því er tekur til lyfja, sem sérstakar takmarkanir gilda um notkun á, skal setja sérstakar reglur um að þau skuli geymd hjá skipstjóra eða öðrum ábyrgum yfirmanni.
- b. Reglur og fyrirmæli um lágmarksinnihald lyfjaskrína skulu gilda hvort sem skipslæknir er um borð eða ekki.
2. a. Þegar reglur eða fyrirmæli um innihald hinna ýmsu gerða af lyfjaskrinum eru sett eða endurskoðuð, skal hlutaðeigandi stjórnvald hafa hliðsjón af lista þeim yfir lágmarksinnihald, sem þessari tillögu fylgir.
- b. Slíkar reglur eða fyrirmæli ætti að endurskoða á vissum fresti í ljósi nýrra uppfinninga, framfara og viðurkenndra aðferða, í samræmi við hverja þá tillögu um slíka endurskoðun, sem kann að hafa verið gerð á þann hátt, sem Alþjóðavinnuálastofnunin og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafa samþykkt.
3. Í öllum lyfjaskrinum skulu vera leiðarvísar, sem viðurkenndir eru af þar til bæru stjórnvaldi, þar sem skýrt sé til fulls hvernig nota beri innihald skrinisins. Leiðarvísir þessi skal vera nægilega ýtarlegur til þess að aðrir en skipslæknir geti hlynnt að sjúkum og særðum um borð, hvort sem hægt er að fá frekari læknisfræðilegar leiðbeiningar um radio eða ekki.
4. Reglurnar og fyrirmælin skulu kveða nánar á um nægilegt viðhald og varðveislu lyfjaskrína og innihalds þeirra svo og um reglulega skoðun á þeim á vissum fresti, sem ekki sé lengri en 12 mánuðir. Skoðun þessi skal framkvæmd af mönnum, sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa löggilt til þess.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar lyf og læknisáhöld¹⁾.

- A. Lyf, er svari til neðangreindra skráðra lyfja í hinni alþjóðlegu lyfjaskrá (Pharmacopoea Internationalis).
- (a) Lyf í fyrsta bindi:
- *Barnaveikissemilyf.
 - *Stífkrampasermilyf (lítið eitt).
 - Joðvínandalausn.
 - Ópiumsdropar (og/eða lyf jafngilt þeim).
- (b) Lyf í öðru bindi:
- *Adrenalínstungulyf.
 - *Atrópínsúlfatstungulyf.
 - *Morfínstungulyf.
 - *Níketamíðstungulyf.

1) Lagt er til, að stungulyf séu í umbúðum, er svara til eins skammts.

*) Eftir geðþótta.

- *Prókainklóríðstungulyf.
Aspiríntöflur.
- *Askorbínsýrutöflur.
- *Amfetamínsúlfattöflur.
Efedrínklóríðtöflur.
- *Glýserýltrínítrattöflur.
Kódeínfosfattöflur (og/eða jafngildar töflur).
- *Merkúróklóríðtöflur (Kalómeltöflur).
- Prógvaníklóríðtöflur (og/eða annað mýrarköldulyf).
- Súkkasinýlsúlfatíasóltöflur (eða jafngildar töflur).
- Súlfadíasíntöflur (eða jafngildar töflur).
- *Belladonnadropar.
Vatn ætlað í stungulyf.

B. Önnur lyf.

- (a) Lyf ætluð til útvortis notkunar:
 - Sáralyf (sóttvarnarlyf).
 - Sóthreinsunarlyf.
 - Skordýraeitur.
 - Áburður.
 - Baðvatn við bráðri húðbólgu.
 - Smyrslu við gyllinæð.
 - Lyf gegn reformum, t. d. benzól- og salísýisýrulyf.
 - Lyf við hægfara húðbólgu, t. d. zinkpasta.
 - Brunalyf.
 - Benzýlbenzóatlyf gegn maurakláða.
- *Varnarlyfsböggull gegn kynsjúkdómum.
- (b) Augnalyf:
 - Staðdeyfilyf.
 - Sóttvarnarlyf.
- *Gult kvikasílfursoxiðsmyrslu.
- (c) Tannverkjalyf:
- (d) Lyf ætluð til innvortis notkunar:
 - Barbitúrsýrutöflur:
 1. Skammvirkt og svæfandi.
 2. Langvirkt og róandi.
 - Hýoskínbrómíðtöflur (scopolamini bromidum) eða jafngilt sjóveikislyf.
 - Salttöflur (við hitakrampa).
 - Langvirkt pensilínstungulyf, svo sem sterkt prókainpensilín G (prókainpensilín G með kristölluðu pensilíni) eða PAM (prókainpensillín G í olíu með alumíníummónósterati) eða benzapínpensillín G.
 - *Fúkalyf ætluð til inntöku, t. d. oxítetrasýlínklóríð eða pensillín V.
 - *Lyf með andstæðri histamínverkun.
 - Magasýrulyf.
 - Hægðalyf.
- (e) Önnur lyf:
 - Bómolía (eða jafngild olía).
 - Eintak af hinni alþjóðlegu skrá, þar sem greint er frá stöðvum þeim í erlendum höfnum, er veita læknishjálp gegn kynsjúkdómum og gefin er út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.
 - Bæklingar um meðferð kynsjúkdóma, svo sem frá er greint í áðurnefndri skrá.

1) Lagt er til, að stungulyf séu í umbúðum, er svari til eins skammts.

*) Eftir geðþótta.

Af ofangreindum lyfjum skal geyma barbitúrsýrutöflur, kódeínfosfátöflur, morfínstungulyf, ópíumsdropa og belladonnadropa í læstri hirzlu, er skipstjóri eða annar ábyrgur yfirmaður hefur einn aðgang að, og beri sá jafnframt ábyrgð á prókain- og pensilínlyfjum.

C. Áhöld og annar búnaður.

Hitamælir.

Stungulyfjadæla og nálar (hæfar til að dæla sermilyfjum og öðrum stungulyfjum).

Girni og fyrirband (görn, silki).

Saumnálar (og jafnvel nálarhald).

Æðatöng.

Flisatöng.

Sáratöng.

Hnífur (úr ryðfriú stáli).

Skæri.

Æðaklemma.

Augnstafur.

Augnskolglas.

Augndreypari.

Þvagleggir, mismunandi stærðir.

Spelkur (úr viði eða vír).

Bekja.

Þvagglas.

Nýrnabekja.

Stútkanna.

Hitapoki.

Sjúkrabörur (svo úr garði gerðar, að auðvelt sé að flytja sjúkling á þeim fram og aftur um skip, svo sem Neil-Robertson sjúkrabörur eða aðrar jafngóðar).

Skæri til að rista umbúðir.

Tunguspaðar.

Sáralinsbindi.

Sáralín.

Baðmull.

Heftiplástur.

Heftiplástur með teygju.

*Zinklimplástur.

VIII. Tillaga (nr. 106) um læknisráð um radio til skipa á sjó úti.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tiltekna ábendingar um læknisráð um radio til skipa á sjó úti, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þessa þings, og að bendingar þessar skyldu færðar í tillöguform, samþykkti það 13. maí 1958 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um læknisráð á sjó, 1958.

Þingið leggur til að sérhvert aðildarríki beiti eftirfarandi ákvæðum:

Með fyrirfram ákveðnu kerfi ættu aðildarríkin að tryggja:

- a. að skip á sjó úti geti á öllum tímum sólarhringsins fengið læknisráð um radio;
- b. að fáanleg læknisráð feli í sér ráð sérfræðings, ef með þarf og unnt er;

1) Lagt er til, að stungulyf séu í umbúðum, er svari til eins skammts.

*) Eftir geðþótta.

- c. að ráðleggingar um radio sem völ er á, séu notfærðar fyllilega m. a. með uppfræðslu sjómanna og með læknisfræðilegum leiðarvísingum, er greini skýrt og nákvæmlega hvers konar upplýsingar komi lækninum að beztum notum við ráðleggingar hans, svo að maður sá um borð, sem óskar leiðbeininga, skilji hvers konar upplýsingar það eru, sem læknirinn þarf er hann leiðbeinir;
- d. að á hverju skipi, sem hefur loftskeytastöð, sé jafnan nýr fullkominn listi yfir radiostöðvar, sem fá megi læknisráð frá og skal hann vera í vörzlum loftskeytamanns eða þess manns, sem annast loftskeyti, ef um minni skip er að ræða.

IX. Tillaga (nr. 107) um ráðningu sjómanna á erlend skip.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf og kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, lætur í ljós þungar áhyggjur vegna þeirrar tilhneigingar þegna tiltekinna siglingaríkja, að vinna á skipum annarra ríkja án þess að gerðir hafi verið gildir heildarsamningar, er tryggi þeim þá vernd og þau kjör, sem gilda á skipum heimalands þeirra, og með því að þingið hefur ákveðið að samþykkja tilteknar bendingar um ráðningu sjómanna, sem er þriðja dagskrármál þingsins, og að bendingar þessar skuli færðar í tillöguform, samþykkt þáð 13. maí 1958 eftirfarandi tillögu, sem vitna má til sem Tillögu um ráðningu sjómanna (erlend skip), 1958:

1. Hvert aðildarríki ætti að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að letja sjómenn innan þess takmarka þess, að skrá sig á eða semja um að skrá sig á skip, sem skráð eru í öðru landi, nema ráðningarkjör þeirra séu almennt jafngöð þeim kjörum, sem gilda samkvæmt heildarsamningum og reglum á sviði félagsmála, sem samþykkt eru af viðurkenndum félagssamtökum útgerðarmanna og sjómanna í siglingaríkjum þar sem slíkum samningum og reglum er framfylgt.
2. Sér í lagi skal hvert aðildarríki gæta þess hvort kveðið sé nægilega á um:
 - a. að sjómaður, sem ráðinn er á skip, sem skráð er í öðru landi og settur er á land í erlendri höfn af ástæðum sem hann á ekki sök á, sé sendur heim til:
 - (i) hafnar þar sem ráðning hans fór fram; eða
 - (ii) hafnar í landi hans eða landi, sem hann á heima í; eða
 - (iii) annarrar hafnar, sem hlutaðeigandi sjómaður og skipstjóri eða útgerðarmaður hafa komið sér saman um, með samþykki þar til bærs stjórnvalds, eða með öðrum varúðarráðstöfunum, sem við eiga;
 - b. læknishjálp og framfærslu sjómanns, sem er ráðinn á skip, sem skráð er erlendis og settur er á land í erlendri höfn vegna veikinda eða slysa, er orðið hefur í þjónustu skipsins og ekki er að kenna misferli hans af ásettu ráði.

X. Tillaga (nr. 108) um félagslega aðbúð og öryggi sjómanna í sambandi við skráningu skipa.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar ábendingar varðandi breytingu á þjóðerni skipa með tilliti til félagslegrar aðbúðar og öryggis, en það var fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í tillöguform, samþykkt þáð 14. maí 1958 eftirfarandi tillögu, sem vitna má til sem Tillögu um félagslega aðbúð og öryggi sjómanna, 1958:

Með tilliti til þess,

að vinnukjör hafa megin áhrif á lífsöryggi á sjó;

- að þau vandamál, sem um er að tefla, eru orðin sérstaklega aðkallandi vegna hins stóra skipakosts, sem skrásettur er í löndum, sem hingað til hafa ekki verið talin siglingaríki;
- að Samþykktin um úthöfin, sem gerð var á Sjóréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og lögð fram til undirskriftar 29. apríl 1958 hefur að geyma nokkur ákvæði um —

- (i) rétt sérhvers ríkis til þess að sigla skipum undir sínum þjóðfána;
- (ii) að skilyrði varðandi þjóðerni skips sé að „raunhæft samband sé á milli ríkisins og skipsins; sér í lagi verður ríkið að framfylgja lögsögu sinni og eftirliti að því er tekur til stjórnæzlu og tæknilegra og félagslegra málefna á skipum, sem sigla undir fána þess“;
- (iii) þá skyldu að sérhvert ríki skuli gera þær ráðstafanir um skip, er sigla undir fána þess, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi á sjó m. a. að því er varðar mannafla á skipum og vinnuskilyrði skipshafnar og skal þá taka tillit til milliríkjasamninga um vinnumál;

enn fremur með tilliti til —

ákvæða Tillögunnar um ráðningu sjómanna á erlend skip, 1958, og

ákvæða Samþykktarinnar um félagslegt öryggi sjómanna, 1946;

leggur þingið til að eftirfarandi ákvæðum sé beitt:

Skráningarlandið skal taka á sig allar skyldur, er skráningunni fylgja, og framfylgja raunhæfri lögsögu og eftirliti með tilliti til öryggis og velferðar sjómanna á kaupskipum þess, sem eru í siglingum og sér í lagi skal það:

- a. semja og samþykkja reglugerðir, er miði að því að tryggja það, að öll skip, sem eru á skrá hjá því, virði alþjóðlegar öryggisreglur;
- b. starfrækja skipaefirlit, er hæfi þörfum þess skipastóls, sem hjá þeim er skráður og tryggi það, að öll skip, sem á skrá þess eru, séu skoðuð reglulega til tryggingar því, að farið sé eftir reglugerðum útgefnum samkvæmt a-lið hér að framan;
- c. koma á fót bæði innan lands og utan nauðsynlegum stofnunum undir opinberu eftirliti, er hafi umsjón með lögskráningu sjómanna;
- d. tryggja eða fullvissa sig um að kjör þau, sem sjómenn búa við séu í samræmi við þær reglur, sem almennt eru viðurkenndar af arfgengum siglingaþjóðum;
- e. tryggja sjómönnum á skipum sínum félagafrelsi, með reglugerðum eða laga-setningu ef það er ekki tryggt á annan hátt;
- f. tryggja með reglugerðum eða lagasetningu að á viðunandi hátt sé séð fyrir heimsendingu sjómanna á skipum þess í samræmi við venju, sem arfgengar siglingaþjóðir viðurkenna;
- g. tryggja það, að nægar og viðeigandi ráðstafanir séu gerðar um reynslu þeirra, er sækja um hæfnisvottorð og útgáfu slíkra vottorða.

XI. Tillaga (nr. 109) um vinnulaun og vinnutíma á skipum og skipshöfn.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og með því að það ákvað að fallast á tiltekna bendingar um almenna endurskoðun á samþykktinni um vinnulaun, vinnutíma á skipum og skipshöfn (endurskoðuð), 1949, sem er 2. liður á dagskrá þingsins og það hefur gert samþykkt um vinnulaun, vinnutíma á skipum og skipshöfn (endurskoðuð), 1958, og þar sem þingið viðurkennir þörfina fyrir frekari gjörning, sem einnig hvetti aðildarríkin til þess að bæta starfskjör sjómanna, samþykkti það 14. maí 1958, eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um vinnulaun og vinnutíma á skipum og skipshöfn, 1958.

Gildissvið.

1. Tillaga þessi tekur til sjómanna, annarra en skipstjóra, sem vinna á vélknúnum skipum, sem eru í förum, en tekur ekki til skipa sem stunda siglingar í árósum, fiskiskipa eða frumstæðra skipa.

Vinnulaun.

2. Grunnlaun eða kaup fullgilds háseta fyrir unninn almanaksmánuð á skipi, sem tillaga þessi tekur til, ættu ekki að vera lægri en jafngildi tuttugu og fimm punda í brezkri mynt, eða sjöttu dollara í bandarískri mynt, eftir því hvor þessi fjárhæð er meiri á hverjum tíma. Þegar ákveða skal lágmarkslaun eða kaup á skipum þar sem ráðnir eru slíkir hópar sjómanna að ráða verður fleiri en ella og með tilliti til reglunnar um sömu laun fyrir sömu vinnu, skal þó taka sérstakar ástæður með í reikninginn svo sem þann aukna fjölda sem ráða þarf og hvers konar kostnað vegna skipshafnarinnar, er leiðir af ráðningu slíkra sjómanna.
3. Þar sem ákvæðum undanfarandi greinar er ekki veitt gildi með heildarsamningum milli viðurkenndra félagssamtaka útgerðarmanna og sjómanna, ætti hvert aðildarríki:
 - a. að tryggja það með eftirliti og viðurlögum að kaup sé ekki undir því marki, sem undanfarandi grein ákveður, og
 - b. að tryggja það, að hver sá, sem fengið hefur greitt undir því marki, sem undanfarandi grein ákveður, geti með lögsókn eða á annan hátt með litlum kostnaði og skjótlega fengið mismuninn greiddan.

Vinnutími.

4. Á sjó og í höfn skal venjulegur vinnutími vera átta stundir á dag hjá öllum starfsdeildum. Setja skal með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum ákvæði um vinnutíma á vikulegum hvíldardegi og deginum fyrir hann.
5. Þegar skipið er úti á sjó á vikulegum hvíldardegi skal greiða sjómönnum samkvæmt ákvæðum heildarsamninga, laga eða reglugerða.
6. Þegar um er að ræða smærri skip eða skip í stuttum ferðum má með heildarsamningum, lögum eða reglugerðum kveða á um jöfnun á átta stunda vinnudeginum.
7. Kauptaxti fyrir yfirvinnu skal ákveðinn með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum, en aldrei skal tímakaup í yfirvinnu vera lægra en svo að það sé fjórðungi hærra en grunnlaunin eða kaupið er á klukkustund. Með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum má ákveða að í stað fjárgreiðslu eða annarrar greiðslu komi jafnlangur frítími í landi.
8. Með lögum eða reglugerðum eða heildarsamningum skal ákveða þau störf, sem ekki skulu talin með í venjulegum vinnutíma eða talin yfirvinna í merkingu þessarar tillögu.
9. Með heildarsamningum má af sérstökum ástæðum ákveða sérstakar ráðstafanir sem hæfilega þóknun í stað beinnar greiðslu fyrir yfirvinnu.

Skipshöfn.

10. Ráðnir skulu nægilega margir yfirmenn og undirmenn til þess að komizt verði hjá óhóflegri yfirvinnu og að fullnægt sé kröfunum um lífsöryggi á sjó.
11. Hvert aðildarríki skal gera eða fullvissa sig um að gerðar séu raunhæfar ráðstafanir til þess að rannsaka og útkljá kærur eða deilur um það, hversu skip er mannað.
12. Fulltrúar viðurkenndra félagssamtaka útgerðarmanna og sjómanna ættu að taka þátt í slíkri starfsemi með eða án þátttöku annarra manna eða stjórnvalda.

Almenn ákvæði.

13. Ekkert í tillögu þessari skal skerða nokkur ákvæði um vinnulaun eða vinnutíma á skipum eða skipshöfn, sem sett er með lögum, úrskurðum, venju eða samningi milli útgerðarmanna og sjómanna, ef þau tryggja sjómönnum betri kjör en tillaga þessi mælir fyrir um.

XII. Tillaga (nr. 111) um misrétti varðandi atvinnu og störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskilnaðarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 42. sinni hinn 4. júní 1958, og með því að það hefur fallið á tilteknar bendingar um misrétti á sviði atvinnu og starfs, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og ákveðið að þessar bendingar skuli færðar í form tillögu til viðbótar samþykkt um misrétti varðandi atvinnu eða störf, 1958, gerði það hinn 25. júní 1958 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um misrétti varðandi atvinnu og störf, 1958:

Þingið leggur til að sérhvert aðildarríki beiti eftirfarandi ákvæðum:

I. Orðaskýringar.

1. (1) Í merkingu þessarar tillögu tekur hugtakið „misrétti“ til:
 - a. hvers konar greinarmunar, útilokunar eða forréttinda, er byggist á kynþætti, litarþætti, kynferði, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðum, þjóðernislegum eða félagslegum uppruna, sem hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi;
 - b. sérhvers annars greinarmunar, útilokunar eða forréttinda, sem hafa í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi, eftir því sem hlutaðcigandi aðildarríki kann að hafa ákveðið að höfðu samráði við fulltrúa aðalsamtaka atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru, og aðra aðila, sem við á.
2. Hvers konar greinarmunur, útilokun eða forréttindi varðandi tiltekið starf, sem byggist á kröfum þeim, sem því fylgja, eru ekki talin misrétti.
3. Að því er tekur til þessarar tillögu skulu hugtökin „atvinna“ og „starf“ einnig ná til aðgangs að starfsþjálfun, vinnu og sérstökum störfum svo og vinnukjara.

II. Samning stefnuskrár og framkvæmd.

2. Sérhvert aðildarríki ætti að semja stefnuskrá til varnar gegn misrétti í atvinnu og starfi. Stefnuskrá þessari skal framfylgja með lögum, heildarsamningum milli félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna eða á annan hátt, er samrýmist aðstæðum og venju í hverju landi og skal tekið tillit til eftirtalinna grundvallarreglna:
 - a. Efling jafnréttis á sviði tækifæra og meðhöndlunar í atvinnu og starfi er mál sem alla varðar;
 - b. Allir menn skulu njóta sömu tækifæra og meðhöndlunar varðandi:
 - (i) aðgang að leiðbeiningum um stöðuval og ráðningarstarfsemi,
 - (ii) aðgang að þjálfun og atvinnu eftir þeirra eigin vali, er byggist á hæfni einstaklingsins til slíkrar þjálfunar eða atvinnu;
 - (iii) frama í samræmi við persónuleika einstaklingsins, reynslu hans, hæfni og ástundun;
 - (iv) atvinnuöryggi;
 - (v) greiðslu fyrir jafn verðmæt störf;
 - (vi) vinnukjör, þar með talið vinnutími, hvíldartími, árlegt orlof með kaupum, öryggi og heilbrigðisráðstafanir á vinnustað, svo og ráðstafanir í sambandi við félagslegt öryggi og velferð og styrkir í sambandi við atvinnuna.

- c. Ríkisstofnanir skulu í störfum sínum jafnan beita jafnréttisreglunni um atvinnu.
 - d. Atvinnurekendur skulu ekki beita eða líða misrétti við ráðningu eða þjálfun manns til vinnu, við frama í starfi eða framhald starfs, eða við ákvörðun vinnukjara; eigi skyldi heldur nokkur maður eða félag heint eða óbeint hindra eða skipta sér af framkvæmd atvinnurekendans á þessari grundvallarreglu.
 - e. Við samningsgerð og í samvinnu atvinnurekenda og verkamanna skulu aðilar virða grundvallarregluna um jafnrétti til tækifæra og meðhöndlunar í atvinnu og starfi og ætlu að tryggja það, að heildarsamningar hafi ekki að geyma nein ákvæði, er feli í sér misrétti um aðgang að vinnu, þjálfun frama eða framhald vinnu eða í sambandi við ráðningarkjör eða vinnuskilyrði.
 - f. Félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna skulu ekki fremja eða líða misrétti varðandi upplöku meðlima, félagsaðild eða þátttöku í málefnum þeirra.
3. Sérhvert aðildarríki skal:
 - a. tryggja framkvæmd grundvallarreglunnar um jafnrétti:
 - (i) að því er tekur til vinnu undir beinu eftirliti stjórnarvalds ríkisins;
 - (ii) í leiðbeiningarstarfsemi um stöðuval, starfsþjálfun og ráðningarstarfsemi undir beinu eftirliti stjórnvalds ríkisins;
 - b. efla virðingu fyrir þessum ákvæðum, þar sem það er nauðsynlegt og framkvæmanlegt, að því er tekur til annarrar vinnu og annarrar starfsemi til leiðbeiningar með ráðum eins og
 - (i) að stuðla að því að deildir og stofnanir ríkis og sveitarfélaga svo og fyrirtæki, sem eru í eigu hins opinbera eða rekin undir eftirliti þess, tryggi framkvæmd þessara grundvallarreglna;
 - (ii) að gildi samninga, sem hafa í för með sér greiðslur úr opinberum sjóðum, verði háð því að þessum grundvallarreglum sé framfylgt;
 - (iii) að styrkir til þjálfunarstöðva og leyfi til að reka einkavinnumiðlun eða leiðbeiningar um stöðuval verði bundið því skilyrði að þessum grundvallareglum verði framfylgt.
 4. Með það fyrir augum að efla þessa stefnu í framkvæmd í öllum atvinnugreinum, skal setja á fót stofnanir, sem njóti aðstoðar ráðgefandi nefnda, þar sem því verður við komið, sem skipaðar séu fulltrúum félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, svo og annarra hlutaðeigandi aðila. Hlutverk þessara stofnana skal einkum fólgið í því:
 - a. að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að efla almennan skilning og viðurkenningu á grundvallarreglunni um jafnrétti;
 - b. að taka á móti og rannsaka kærur út af því að þessari stefnu sé ekki fylgt og — ef nauðsyn krefur, með sætt — að tryggja leiðréttingu á hverjum þeim starfsaðferðum, sem taldar eru brjóta í bág við þessa stefnu; og
 - c. að taka til frekari athugunar kærur, sem ekki er hægt að afgreiða með sætt, og gefa umsögn eða kveða upp úrskurð um það, á hvern hátt leiðrétta skuli brot á reglum þessum, sem í ljós hafa komið.
 5. Sérhvert aðildarríki skal nema úr gildi lagaákvæði og breyta reglugerðum, sem ekki samrýmast þessari stefnu.
 6. Framkvæmd þessarar stefnu skal ekki koma í veg fyrir sérstakar ráðstafanir, sem miða að því að bæta úr sérstökum þörfum manna, sem almennt er viðurkennt að þarfnist sérstakrar verndar eða hjálpar af einhverjum ástæðum, svo sem vegna kynferðis, aldurs, örorku, framfærsluskyldu, eða félagslegrar eða menningarlegrar stöðu sinnar.
 7. Ráðstafanir, sem gerðar eru gegn manni, sem með rökum er grunaður um að vera eða er þátttakandi í starfsemi, sem er hættuleg öryggi ríkisins, skulu ekki taldar misrétti, enda eigi hlutaðeigandi maður rétt á að áfrýja til þar til bærrar stofnunar, sem sett sé á fót samkvæmt þjóðlegri venju.

8. Að því er varðar innflutta verkamenn af erlendu þjóðerni og fjölskyldur þeirra, skal tillit tekið til ákvæða Samþykktar um innflutning fólks í atvinnuleit, 1949, að því er snertir jafnrétti og ákvæða Tillögu frá 1949 um innflytjendur í atvinnuleit að því er snertir afnám takmarkana um aðgang að atvinnu.
9. Stöðug samvinnu ætti að vera milli hlutaðeigandi stjórnvalda, fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna og annarra hlutaðeigandi aðila um athugun á því hvaða frekari jákvæðar aðgerðir kunni að vera nauðsynlegar í samræmi við aðstæður í hverju landi til þess að koma reglunni um jafnrétti í framkvæmd.

III. Samræming aðgerða gegn misrétti á öllum sviðum.

10. Stjórnvöld þau, sem annast ráðstafanir gegn misrétti í atvinnu og starfi, skulu hafa nána og stöðuga samvinnu við þau stjórnvöld, sem vinna gegn misrétti á öðrum sviðum, til þess að samræma þessar ráðstafanir á öllum sviðum.

XIII. Tillaga (nr. 112) um heilsugæzlu á vinnustöðum.

Allsherjarþing Alþjóðasamvinnuáráðs Íslands, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 43 sinni þann 3. júní 1959 og með því að það hefur fallið á tiltekna bændingur um heilsugæzlu á vinnustöðum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og ákveðið að þessar bændingar skuli færðar í tillöguform, samþykkt þá hinn 24. júní 1959 eftirfarandi tillögu, sem vitna má til sem Tillögu um heilsugæzlu á vinnustöðum, 1959:

I. Skilgreining.

1. Í þessari tillögu merkir orðið „heilsugæzla“, þjónusta, sem komið er á fót á vinnustað eða nálægt honum til þess að —
 - a. vernda verkamenn fyrir hvers konar hættu fyrir heilsu þeirra, sem stafa kann frá vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum;
 - b. stuðla að líkamlegri og andlegri aðlögun verkamanna, sérstaklega að gera vinnuna hæfa fyrir verkamennina og að láta þá hafa vinnu við sitt hæfi; og
 - c. stuðla að sem mestri líkamlegri og andlegri velliðan verkamanna.

II. Framkvæmdahættir.

2. Með tilliti til þess, hve aðstæður og venjur eru mismunandi í hinum ýmsu ríkjum, má framkvæma heilsugæzlu eftir ástæðum —
 - a. samkvæmt lögum eða reglugerðum;
 - b. samkvæmt heildarsamningum eða með öðrum hætti, sem hlutaðeigandi atvinnurekendur og verkamenn koma sér saman um; eða
 - c. með hverjum þeim hætti, sem hlutaðeigandi stjórnvald samþykkir að höfðu samráði við félög atvinnurekenda og verkamanna.

III. Skipulagning.

3. Með tilliti til aðstæðna og gildandi reglna, skal heilsugæzlan —
 - a. annað hvort skipulögð af fyrirtækjunum sjálfum eða falin utanaðkomandi aðila;
 - b. skipulögð —
 - (i) sem sérstök þjónusta í einstöku fyrirtæki; eða
 - (ii) sem sameiginleg þjónusta fyrir fleiri fyrirtæki.
4. Í því skyni að auka heilsugæzluna svo að hún taki til allra verkamanna, ætti að setja upp heilsugæzlustöðvar fyrir fyrirtæki, sem teljast til iðnaðar og ekki, svo og landbúnaðar og opinberrar starfsemi. Ef ekki er hægt að koma á heilsugæzlu í öllum fyrirtækjum skal þeim fyrst og fremst komið á —

- a. í fyrirtækjum, þar sem hættan fyrir heilsu manna virðist mest;
 - b. í fyrirtækjum þar sem verkamennirnir eru háðir sérstakri hættu fyrir heilsu sína;
 - c. í fyrirtækjum, sem hafa í þjónustu sinni meira en tiltekinn lágmarksfjölda verkamanna.
5. Ef ekki er þegar í stað hægt að koma á fót heilsugæzlu, eins og um ræðir í þessari tillögu, vegna landfærðilegra eða annarra ástæðna, ætti fyrirtækið að semja um það við lækni eða lækniþjónustu á staðnum að —
- a. annast hjálp í viðlögum;
 - b. annast rannsóknir, sem ákveðnar eru í lögum eða reglugerðum; og
 - c. að hafa eftirlit með heilbrigðisráðstöfunum í fyrirtækinu.

IV. Hlutverk heilsugæzlunnar.

- 6. Hlutverk heilsugæzlunnar á fyrst og fremst að vera að koma í veg fyrir veikindi.
- 7. Heilsugæzlunni ber ekki að sannreyna hvort fjarvistir vegna veikinda séu réttmætar. Henni skal ekki varnað að rannsaka ástæður fyrir veikindaforföllum verkamanna og fylgjast með gangi veikinnar svo að hún geti betur metið varnarráðstafanir sínar, uppgötvad sýkingarhættu og gefið ráð um vinnu er hæfi verkamanninum meðan henn er að ná sér.
- 8. Störf heilsugæzlunnar skulu þróast smátt og smátt eftir aðstæðum og með tilliti til þess, að hve miklu leyti eitt eða fleiri þessara starfa er innt af hendi á fullnægjandi hátt af öðrum aðilum í samræmi við landslög eða venju, svo að þau feli sérstaklega í sér:
 - a. umsjón innan fyrirtækisins með öllu því, sem haft getur áhrif á heilsu verkamannsins og leiðbeiningar á þessu sviði til stjórnenda og verkamanna eða fulltrúa þeirra í fyrirtækinu;
 - b. starfsrannsóknir eða þátttaka í þeim frá heilsufræðilegu, lífeðlisfræðilegu og sálfræðilegu sjónarmiði og leiðbeiningar til stjórnenda og verkamanna um hversu starfið verði sem best lagað eftir verkamanninum með tilliti til þessara athugana;
 - c. þátttaka, ásamt öðrum deildum og aðilum í fyrirtækinu, í vörnum gegn slysum og atvinnusjúkdómum og eftirliti með varnartækjum og notkun þeirra og leiðbeiningum til stjórnenda og verkamanna á þessu sviði;
 - d. umsjón með hreinlætis- og heilbrigðistækjum og öllum öðrum þægindum til velferðar verkamanna fyrirtækisins svo sem eldhúsum, matstofum, vöggstofum og hvíldarheimilum svo og eftirlit með ráðstöfunum um fæði fyrir verkamennina;
 - e. lækni- og lækniþjónustur áður en vinna hefst svo og við og við sérstakar rannsóknir, þ. á m. líffræðilegar rannsóknir og röntgenrannsóknir, sem ákveðnar eru með lögum eða reglugerðum eða samningum milli hlutaðeigandi aðila eða félagssamtaka, eða lækni telur þær æskilegar í varnarskyni. Slíkar rannsóknir ættu að tryggja sérstakt eftirlit með tilteknum stéttum verkafólks, svo sem konum, unglíngum, mönnum, sem eru í sérstakri hættu og fötludum mönnum;
 - f. umsjón með breytingum á vinnunni til hæfis verkamönnum, sérstaklega fötludum mönnum, í samræmi við líkamlega getu þeirra, þátttöku í endurbjálfun slíkra verkamanna og leiðbeiningar á þessu sviði;
 - g. leiðbeiningar til stjórnenda fyrirtækisins og verkamanna í sambandi við ráðningu eða flutning verkamanna milli starfa;
 - h. ráðleggingar til einstakra verkamanna, eftir beiðni þeirra, varðandi hvers konar kvilla, sem kunna að koma í ljós eða versna við vinnuna;
 - i. bráðabirgðahjálp þegar slys eða lasleika ber að höndum og einnig þegar sérstaklega stendur á og í samráði við hlutaðeigendur (þ. á m. eigin lækni verka-

- mannsins), umferðarlæknisþjónustu til handa verkamönnum, sem ekki hafa verið fjarverandi frá vinnu eða komnir eru aftur eftir fjarveru;
- j. kennslu og þjálfun hjálparliðs í viðlögum og eftirlit og viðhald á tækjum til slíkrar hjálpar, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi deildir og aðila, þar sem það á við;
 - k. fræðslu starfsfólks fyrirtækis um heilbrigði og hollustuhætti;
 - l. söfnun og rannsókn hagskýrsla um heilbrigðisástand í fyrirtækinu;
 - m. rannsókn á heilsu starfsfólks eða þátttaka í slíkri rannsókn í samvinnu við sérhæfar stofnanir eða fyrirtæki.
9. Þegar eitt eða fleiri þeirra hlutaverka, sem nefnd eru í undanfarandi grein, eru, samkvæmt lögum eða venju, framkvæmd af þar til hæfum aðilum, öðrum en heilsugæzlunni, ættu þessir aðilar að láta vinnulækninum í té hverjar þær upplýsingar, sem máli skipta og hann kann að óska.
 10. Heilsugæzlan skal hafa náð samband við aðrar deildir og aðila í fyrirtækinu, sem fara með mál varðandi heilsu, öryggi og velferð verkamannanna og þá sérstaklega velferðarmáladeild, öryggismáladeild, starfsmannadeild, fulltrúa verkalyðsfélaga í fyrirtækinu, öryggis- og heilbrigðismáladeildir og hverja aðra nefnd eða mann í fyrirtækinu, sem fer með heilbrigðis- eða velferðarmál.
 11. Heilsugæzlan ætti einnig að hafa samband við aðila utan fyrirtækisins, sem fara með mál varðandi heilbrigði, öryggi, endurþjálfun, stöðuhjálp og velferð verkamanna.
 12. (1) Þegar verkamaður kemur til læknisskoðunar áður en hann byrjar vinnu eða í fyrsta sinn, skal heilsugæzlan skrásetja í spjaldskrá árangur rannsóknarinnar og skulu niðurstöður síðari læknisrannsókna jafnan færðar í skrá þessa. Efni þessarar skrár er trúnaðarmál.
(2) Heilsugæzlan skal halda viðcigandi skrár svo að hún geti veitt allar nauðsynlegar upplýsingar um starf sitt og almennt heilbrigðisástand, sbr. þó ákvæði 21. greinar.

V. Starfslið og búnaður.

13. Heilsugæzlan skal jafnan vera undir stjórn læknis, sem ber beina ábyrgð á starfsemi hennar annað hvort gagnvart stjórn stofnunarinnar eða þeim aðila, sem heilsugæzlan heyrir undir.
14. Læknar heilsugæzlunnar skulu ekki hafa í umsjá sinni fleiri verkamenn en þeir geta með góðu móti séð um og sé í því efni tekið fullt tillit til þeirra sérstöku vandamála, sem kunna að vera því samfara hverrar tegundar og eðlis hlutaðandi starfsgrein er.
15. Læknar heilsugæzlunnar skulu vera óháðir atvinnurekandanum og verkamönnum bæði atvinnulega og siðferðilega. Til þess að tryggja þetta hlutleysi skal með lögum, reglugerðum eða samningum milli hlutaðeigandi aðila eða félagsamtaka þeirra setja reglur um starfskjör þessara lækna og þá sérstaklega um skilyrði fyrir ráðningu þeirra og uppsógn.
16. Læknir, sem stjórnar heilsugæzlu skal, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa hlotið sérstaka þjálfun í heilsugæzlu á vinnustöðum eða a. m. k. vera kunnugur heilsufræði á vinnustöðum, hjálp í viðlögum, atvinnusjúkdómafræði svo og lögum og reglugerðum um hinar ýmsu skyldur þessarar þjónustu. Lækninum skal gefinn kostur á að auka þekkingu sína á þessum sviðum.
17. Hjúkrunarlið heilsugæzlunnar skal búið þeim hæfileikum, sem hlutaðeigandi stjórnvald setur.
18. Starfslið það, sem annast hjálp í viðlögum skal:
 - a. einungis skipað þar til hæfu fólki;
 - b. jafnan til taks í vinnutíma.
19. Húsnæði heilsugæzlunnar og útbúnaður skal fullnægja kröfum hlutaðeigandi stjórnvalds.

VI. Nauðsynleg starfsskilyrði.

20. Til þess að heilsugæzlan geti með góðum árangri gegnt hlutverki sínu, skal hún —
 - a. hafa frjálsan aðgang að öllum vinnustöðum og hjálpartækjum fyrirtækisins;
 - b. skoða vinnustæði á hæfilegum fresti í samvinnu við aðrar deildir fyrirtækisins, þar sem nauðsyn krefur;
 - c. hafa aðgang að upplýsingum um vinnuaðferðir, starfsemi og efni, sem notuð eru eði fyrirhugað er að nota;
 - d. hafa heimild til þess að framkvæma, eða krefjast þess að viðurkenndir tæknilegir aðilar framkvæmi —
 - (i) rannsóknir og athuganir með tilliti til mögulegrar hættu fyrir heilbrigði, t. d. með því að taka sýnishorn af andrúmslofti á vinnustöðum, iðnaðarvörum og efnun, sem notuð eru og hverjum öðrum efnum, sem grunur leikur á að geti verið hættuleg;
 - (ii) eftirlit með skaðlegum efnafræðilegum áhrifum;
 - e. hafa heimild til að krefjast þess að hlutaðeigandi stjórnvöld tryggi það, að farið sé eftir reglum þeim, sem settar eru um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum.
21. Allt starfsfólk heilsugæzlunnar skal bundið þagnarheiti um læknisfræðilegar og tæknilegar upplýsingar, sem það kann að komast að í framangreindum störfum sínum, með þeim undantekningum, sem gerðar kunna að vera í lögum eða reglugerðum.

VII. Almenn ákvæði.

22. Allir verkamenn og félagssamtök þeirra skulu veita aðstoð við að ná markmiðum heilsugæzlunnar.
23. Þjónusta sú, sem heilsugæzlan lætur í té samkvæmt tillögu þessari, skal veitt verkamönnum ókeypis.
24. Ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum og aðilar hafa ekki samið á annan veg, skal stofnun og starfsemi heilsugæzlunnar kostuð af atvinnurekandanum.
25. Í lögum eða reglugerðum skal ákveða hvaða stjórnvald skuli hafa eftirlit með skipan og starfsemi heilsugæzlunnar. Þegar það á við, má það fela viðurkenndum tæknilegum aðila ráðgjafastörf á þessu sviði.